

SHALDÖR  
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Allt  
Fasteignir.is



Stólar með gervigrasi  
Íslenskir arkitektar hafa  
vakið athygli fyrir frumlega  
stóla.  
allt 2



# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

7. nóvember 2011  
260. tölublað 11. árgangur  
Sími: 512 5000

REST LESNA  
DAGLAÐ & ÍSLANDIÐ  
10  
ÁRA  
2001 - 2011

\*Samkvæmt reenniflokkunum Cancer Cent Gallura apríl - júní 2011

## Endurfjármagna Hörpuna

Ráðist verður í 18 milljarða skuldabréfaútböð í byrjun næsta árs til að endurfjármagna byggingu Hörpu. Sambankalán sem tekið var í fyrra kostar íslenska ríkið og Reykjavíkurborg 960 milljónir króna á ári.

**VIÐSKIPTI** Til stendur að ráðast í skuldabréfaútgáfu upp á 18 milljarða króna til að endurfjármagna sambankalán sem Austurhöfn-TR, eigandi tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, tók í janúar í fyrra. Austurhöfn er í 54% eigu íslenska ríkisins og 46% eigu Reykjavíkurborgar.

Skuldabréfaútböðin á að fara fram á fyrsta ársfjórðungi ársins 2012 og verður innlent. Þetta staðfestir Pétur J. Eiríksson, stjórnarformaður Portusar, dótturfélags Austurhafnar, sem heldur utan um eignarhald á Hörpunni.

Í skýrslu stjórnar Portusar í ársreikningi félagsins fyrir árið

2010 er vísað í skýringu með ársreikningnum sem fjallar um fjárhagslega stöðu félagsins. Pétur segir hana snúast um að ekki sé búið að ganga frá endurfjármögnun á sambankaláninu sem tekið var í janúar 2010. Stóru bankarnir þrír; Landsbankinn, Arion banki og Íslandsbanki, veittu lánið. Áætlaður kostnaður vegna þess stendur í 17,7 milljörðum króna.

Þá er ekki tekið tillit til um 10 milljarða króna skuldbindingar sem fyrri eigendur hússins höfðu ráðist í og íslenska ríkið og Reykjavíkurborg keyptu á 1,6 milljarða króna þegar þau tóku að sér að klára byggingu Hörpu í

27,7 milljarðar er áætlaður heildarkostnaður við byggingu Hörpu.

mars 2009. Heildarkostnaður við framkvæmdina er því áætlaður um 27,7 milljarðar króna.

Í svari Svandísar Svavarsdóttur, mennta- og menningar- málaráðherra, við fyrirspurn á Alþingi 17. október síðastliðinn um kostnað við Hörpu kom fram, að á núverandi verðlagi nemi framlög ríkis og borgar vegna sambankalánsins 960 milljónum króna á ári. Þau eru til 35 ára og

skiptast á milli eigendanna í samræmi við eignarhald þeirra.

Pétur segir það hafa skapað ákveðið óryggi að ekki sé búið að ganga frá endurfjármögnun á sambankaláninu.

„Það er á breytilegum vöxtum yfir 35 ára tímabil. Við það skapast ákveðið óryggi. Við ákváðum að bíða með endurfjármögnun vegna þess að við trúum því að kjör eigi eftir að batna fyrir skuldabréfaútgáfu. En við reiknum með að klára hana á fyrsta ársfjórðungi næsta árs og að við förum þá í skuldabréfaútgáfu innanlands. Hún verður upp á 18 milljarða króna til að endurfjármagna sambankalánið.“ - þsj



**Gefandi starf**

ÍT-ferðir eru 15 ára.

tímamót 14

**Murray bíður dóms**

Þess er nú beðið að kvíðdómur í máli ákæruvaldsins gegn lækni Michael Jackson, kveði upp dóm.

fólk 18




**Einstakur uppgangur**

Arnór Atlason talar um lífið hjá danska ofurlíðinu AG.

sport 20

**veðrið í dag**



**HVESSIR TIL KVÖLDS** Í dag hvekkir um allt land fyrst SV-til. Úrkoma í öllum landshlutum mest rigning þó á vestanverðu landinu. Hlýnar í veðri.

VEÐUR 4



**HARPA GRÍPUR AUGAÐ** Það er margt um að vera í tónlistarhúsinu Hörpu þessi dægri. Í gær atti léttklætt og brúnkusprautað fólk kappi hvert við annað um hvert þeirra væri hraustast og um kvöldið var Töfraflautan sýnd. Þessar stúlkur heimsóttu húsið í gærdeg og skoðuðu sig um og virðast hafa rekið augun í eitt-hvað athyglisvert í fjarska.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jónsi gerir kvikmyndatónlist:  
**Samdi lag með  
Cameron Crowe**

**FÓLK** Jón Þór Birgisson, Jónsi í Sigur Rós, samdi lag ásamt bandaríska kvikmynda-leikstjóranum Cameron Crowe fyrir nýjustu mynd þess síðarnefnda, We Bought a Zoo.



JÓN ÞÓR  
BIRGISSON

„Það er gaman að vinna með fólki sem maður hefur ekki unnið með áður, það er mikil ögrun,“ segir Jónsi um samstarfið við Crowe, sem gerði meðal annars myndirnar Vanilla Sky og Almost Famous. Jónsi semur ekki bara lagið með leikstjóranum, heldur alla tónlistina í kvikmyndina.

Crowe hefur nýtt hvert tækifæri til að hæla Jónsa og skipaði meðal annars stjórnnum myndarinnar, þeim Matt Damon og Scarlett Johansson, að hlusta á sólplötu Jónsa og horfa á heimildarmyndina Heima, um tónleikaferðalag Sigur Rósar um Ísland.

- fgg / sjá síðu 26

Papandreou, forsætisráðherra Grikklands, vikur fyrir nýjum leiðtoga:

## Sátt um nýja stjórn í Grikklandi

**GRIKKLAND** Ný samsteypustjórn verður mynduð í Grikklandi. Þetta var ákveðið á neyðarfundi Karolos Papoulias, forseta Grikklands, með George Papandreou, forsætisráðherra landsins, og Antonis Samaras, formanni Nýja lýðræðisflokksins, stærsta stjórnarandstöðuflokksins, í gærkvöldi.

Samkvæmt frétt BBC í gærkvöldi mun Papandreou stíga til hliðar. Viðræður halda áfram í dag þar sem ákveðið verður hver leiðir nýja stjórn. Helst er nefndur til sögunnar Evangelos Venizelos, fjármálaráðherra landsins. Að því loknu verður öllum stjórnarmálaflokkum boðið að koma að borðinu og mynda nýja þjóðstjórn.



Á ÚTLEIÐ Papandreou vikur úr sæti forsætisráðherra, sem var gert að skilyrði að samkomulagi í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Fundur forsetans hófst að loknum neyðarfundi ríkisstjórnar Grikklands síðdegis í gær, en

aðalumræðuefnið var fundur fjármálaráðherra ESB-ríkjanna í dag vegna skuldavanda Grikkja. ESB-ríkin þrýsta á grísk stjórnvöld að leysa stjórnarkreppuna í landinu og samþykkja björgunarpakkann sem samþykktur var nýlega.

Ákvörðun Papandreous um að leggja björgunarpakkann í þjóðaratkvæði, og síðar ákvörðun um að draga þau áform til baka, hefur bætt stjórnarmálakreppu við hrikalegan fjármálavanda landsins.

Ljóst þótti að dagar Papandreous í embætti væru taldir en Samaras hefur þverneitað að ræða samstarf allra flokka að til lögu forsætisráðherrans og krafist afsagnar hans.

- shá

**Er svefninn vandamál?**

Verðlaunuð náttúruafurð  
úr Bygg- og Hveitigrösom



Fæst í flestum apótekum og heilsuþúðum

TENGI

SPHINX SALERNI E-CON II  
WC SKÁL OG SETA



TILBOÐSVERÐ  
13.000.-kr.

Smiðjuvegi 76  
Kópavogi  
Sími 414 1000

Baldursnesi 6  
Akureyri  
Sími 414 1050



Gísli Marteinn, er þínum mönnum að fatast flugið?

„Nei, en sumar hugmyndir eru það slæmar að þær ættu ekki að fá flugtaksheimild.“

Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, er ósáttur við nýtt lagafrumvarp sem níu samflokksmenn hans og þrír framsóknarmenn hafa lagt fram á Alþingi. Frumvarpið kveður á um að miðstöð innanlandsflugs skuli vera áfram í Vatnsmýrinni.



VERDMÆTUR Kanadískur tannlæknir reiddi fram þrjár og hálf milljón fyrir Bítlaaxlinn.

Uppboð í Englandi:

## Jaxl úr Lennon seldist á stórfé

**MENNING** Jaxl úr tónlistarmanninum John Lennon seldist fyrir 19.500 pund, andvirði um þriggja og hálfur milljón króna, á uppboði í Stockport í Englandi á laugardag. Það var kanadísk tannlæknirinn Michael Zuk sem tryggði sér gripinn í gegnum síma. Lennon gaf Dorothy Jarlett, sem starfaði sem húshjálpi hans á sjöunda áratugnum, jaxlinn úr sér ásamt leðurveski, perluvesti og fleiri munum. „John og mamma voru afar nán og hann stakk upp á því að hún færði systur sinni, sem var mikill Bítlaaðáandi, jaxlinn að gjöf. Tönnin hefur tilheyrt fjölskyldunni æ síðan,“ sagði Barry Jarlett, sonur hinnar níraðu Dorothy. - kg

### REYKJAVÍK

#### Telja skíðafólki mismunað

Skíðaráð Reykjavíkur hefur sent frá sér ályktun þar sem skorað er á Reykjavíkurborg, íþrótt- og tómsundasvið Reykjavíkurborgar og þær sjö sveitarstjórnir sem standa að rekstri skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins að koma strax upp snjóframleiðsluferri á skíðasvæðunum. Samanborið við aðrar íþróttagreinar sé skíðafólki stórlega mismunað segir í ályktuninni.

„Svona gerir ekki nokkur maður,“ segir móðir manns sem tapaði hjólastól þegar hann brá sér í gönguferð:

## Hjólastólnum stolið af fötluðum manni

**FÓLK** „Ég er orðin svo gömul að ég er nánast alveg hætt að verða hissa yfir nokkrum hlut, en ég er mjög hissa yfir þessu. Ég trúi þessu eiginlega ekki,“ segir Dóra Bjarnason prófessor. Fatlaður sonur Dóru, Benedikt Hákon Bjarnason, varð fyrir því að hjólastól hans var stolið meðan hann brá sér í göngutúr með aðstoðarkonu sinni síðastliðinn þriðjudag.

Benedikt Hákon, sem býr ásamt aðstoðarfólki í vesturbæ Reykjavíkur, þarfnast aðstoðar við flestar daglegar athafnir og notar hjólastól mikið. „Sonur minn þarf þó að halda fótunum við og fer því í stuttan göngutúr, ásamt aðstoðarfólki, án hjólastólsins á hverjum degi,“ segir Dóra og bætir við að á þriðjudaginn hafi Benedikt Hákon og aðstoð-

arkona hans ákveðið að keyra í Elliðaárdalinn í göngutúr í ljósaskiptunum.

„Fyrst fóru þau í göngutúr með hjólastólinn og svo án hans, en hjólastóllinn stóð við hlið bílsins á meðan. Þegar þau komu aftur að bílnum að lokinni um tíu mínútna gönguför var hjólastóllinn horfinn. Þarna hefur einhver með skrytið skopskyn verið að verki, því svona gerir ekki nokkur maður.“

Aðstoðarkona Benedikts Hákonis tilkynnti þjófnadinn til lögreglu og segist Dóra trúá því að hjólastóllinn skili sér að lokum. Benedikt Hákon notast nú við annan hjólastól sem hann fékk að láni hjá Hjálpartækjabankanum, þar sem Dóra segist hafa fengið snögga og frábera þjónustu. - kg



**ÞJÓFNADUR** Benedikt Hákon og aðstoðarkona hans voru í göngutúr í Elliðaárdal þegar hjólastól hans var stolið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Samkeppni um nýtt hótél við Ingólfstorg

Reykjavíkurborg efnir til samkeppni um nýtt skipulag við Ingólfstorgsreit. Eitt helsta viðfangsefnið er staðsetning og hönnun 130 herbergja hótels. Fulltrúi vinstri grænna segir skipulagsráð tefla elstu götumyndum landsins í tvísýnu.

**SKIPULAGSMÁL** Samkeppni um hönnun við sunnanvert Ingólfstorg á að ná fram heildarlausan fyrir skipulag svæðisins, þar á meðal er 130 herbergja hótél. Einnig er ætlunin að „laða fram lausnir á framtíð húsanna við Vallarstræti 4 og Aðalstræti 7“.

Það er skipulags- og eignasvið Reykjavíkurborgar í samvinnu við lóðarhafa á svæðinu og Arkitektafélag Íslands sem gengst fyrir samkeppninni sem verður í tveimur þrepum. Fyrri hlutinn er hugmyndasamkeppni og þá hafa allir þátttökurétt. Á þessu stigi er lögð áhersla á skipulag svæðisins og frumhönnun hótels. Allt að fimm tillögur verða valdar til að halda áfram á seinna þrepið og fá tvær milljónir króna hver til að vinna hugmyndir sínar áfram.

Seinni hlutinn er framkvæmd keppni þar sem á að útfæra almenningsrýmin nánar og forhanna hótél. Á þessu stigi verður einhver með réttindi til að leggja fram aðaluppdrætti að skrifa upp á tillögur. Fyrstu verðlaun er 2,5 milljónir króna auk tveggja milljóna króna útfærslugreiðslu.

Samkvæmt samkeppnislýsinguinni sem samþykkt hefur verið í skipulagsráði nær hönnunarsvæðið yfir Ingólfstorg, Aðalstræti 7 og 11, Vallarstræti 4 og Thorvaldsenstræti 2, 4 og 6 auk almenningsreitsins Víkurgarðs. Svæðið afmarkast því af Aðalstræti, Hafnarstræti, Veltusundi, Vallarstræti, Thorvaldsenstræti og Kirkjustræti.

Dómnefndin hefur þegar verið skipuð og er Páll Hjaltason, arkitekt og formaður skipulagsráðs, formaður hennar. Nefndin segist



**SAMKEPPNISREITURINN** Skilafrestur í fyrri hluta samkeppni Reykjavíkurborgar um skipulag svæðisins við Ingólfstorg og suður að Kirkjustræti er til 18. janúar á næsta ári.

telja kost að húsni á Aðalstræti 7 og Vallarstræti 4 verði á sínum stað en annars skuli þau flutt til innan reitsins. Þá skuli „reikna með“ að húsið Thorvaldsenstræti 2, sem er gamli Kvonnaskólinn standi óbreytt enda sé það friðað. Staðsetning hótelsins sé frjálss innan svæðisins en það megi þó ekki vera í Víkurgarði og eigi að falla að núverandi byggð.

Torfi Hjartarson, fulltrúi vinstri grænna í skipulagsráði, segir keppnislýsinguina óskýra og þar sé ekki minnst á kraftmikil mót-mæli vegna fyrri hugmynda um hótélbyggingu á reitnum. „Ekkert

kemur fram um mögulega varðveislu á samkomu- og tónleikasal í Sjálfstæðishúsi eða Nasa,“ segir Torfi einnig.

„Sú grunnforsenda lóðarhafa að reisa þurfi rými fyrir 130 herbergja hótél með öllu sem því fylgir á þessu viðkvæma svæði fellur illa að keppni um opna nálgun þar sem kapp er lagt á að styðja vel við gamla byggð,“ segir í greinargerð sem Torfi lagði fram í skipulagsráði. Hann telur samruna lóða og umfangsmikið hótél í hjarta Kvosarinnar tefla í tvísýnu sumum af elstu götumyndum landsins. gar@frettabladid.is

Sársaukamörk fyrir sundgjaldi: Má ekki hækka stjernfræðilega

**FERÐAMÁL** „Spurningin er hvar sársaukamörkin liggja,“ segir Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, um tillögu um verulega hækkun gjalds fyrir stakar ferðir í sundlaugar á höfuðborgarsvæðinu. Hugmyndin er að ferðamenn og aðrir sem ekki búa á svæðinu greiði stærri hluta af kostnaði við rekstur sundstaða.

Erna segir eðlilegt að nokkur munur sé á því gjaldi fyrir stakar sundferðir og gjaldi fyrir margar ferðir greiddar með áskriftarkortum. „En það má auðvitað ekki hækka gjaldið í einhverja stjernfræðilega upphæð,“ segir hún. - gar



**LENT VIÐ LANDSPÍTALANN** Þyrlan kom með manninn til Reykjavíkur rétt fyrir klukkan fjögur í gær. MYND/STÖÐ 2

Veiktist hastarlega í Brúarfossi: TF-LÍF sótti fávveikan skipverja

**BIÖRGUN** TF-LÍF, þyrla Landhelgisgæslunnar, sótti veikan skipverja um borð í Brúarfoss síðdegis í gær. Maðurinn hafði veikt hastarlega en reyndist þó ekki í lífshættu. Þyrlan lenti með manninn við Landspítalann um klukkan fjögur í gær og í gærkvöldi var ástand hans metið stöðugt.

Skipið var stutt rétt vestan við Vestmannaeyjar þegar ósk barst um aðstoð. Þá var TF-LÍF á leið til Reykjavíkur eftir að hafa aðstoðað við björgun flutningaskipsins Ölmur fyrir austan land á laugardag. - sh

Lonely Planet og National Geographic samróma um draumaferðina árið 2012:

## Ísland og Reykjavík efst á lista

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ísland er heitasti kosturinn til ferðalaga fyrir árið 2012 að mati Lonely Planet og National Geographic, tveggja virtra miðla á sviði ferðaþjónustu. Reykjavík er jafnframt heitasta ferðaborgin árið 2012 að þeirra mati.

Á Best in travel-lista Lonely Planet sker Ísland sig nokkuð úr í vinsældum með 32 prósent lesenda síðunnar sem meta Ísland sem besta ferðakostinn. Ítalía er í öðru sæti sem áhugaverður kostur en með mun færri atkvæði.

Það sem lesendur nefna máli sínu til stuðnings um ágæti Íslands hljómar kunnuglega í eyrum, en flestir nefndu hreina náttúru og næturlífið heillar í Reykjavík, sem helst segullinn fyrir lesendur.

Sköpunargáfa Íslendinga er mönnum ofarlega í huga en jafnframt binda menn vonir við



**SÓLFARÍÐ MYNDAB** Ísland telst hafa mest aðdráttarafli að mati lesenda tveggja virtra miðla á sviði upplýsingaþjónustu um ferðamál. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

aukna eldvirkni og fréttir af því að norðurljósin verði sérstaklega áberandi á ári komanda. Sundlaugar hafa aðdráttarafli, en margir

hafa á orði að gistaðir séu fyrsta flokks, maturinn góður sem og tónlistarlífið. Þá er tekið fram að heimsókn til Íslands sé ódýr kostur.

Var 02 65 69

# Strepsils<sup>®</sup>

COOL

36 Sugetabletter/  
Munnsgostöflur

20%  
afsláttur

SKIPHOLTS APÓTEK

Skipholti 50b • 105 Reykjavík

# iPhone 4s og iPhone 4 hjá Nova!

Kominn  
til Nova!

2.000 kr. notkun  
á mán. í 12 mán. fylgir  
með iPhone 4!



3.000 kr. notkun  
á mán. í 12 mán. fylgir  
með iPhone 4s!

**iPhone 4s** 10.490 kr. á mán. í 18 mán. / 169.990 kr. stgr.  
3.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir!

**iPhone 4** 6.990 kr. á mán. í 18 mán. / 124.990 kr. stgr.  
2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir!

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | [m.nova.is](http://m.nova.is) | Facebook | Twitter

Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!

NOVA

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	114,13 114,67
Sterlingspund	182,91 183,76
Evra	157,93 158,81
Dönsk króna	21,217 21,341
Norsk króna	20,4 20,52
Sænsk króna	17,381 17,483
Japanskt jen	1,462 1,4706

SDR	180,08	181,81
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
213,1559		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		



**HS ORKA** Hérlendis hefur verið tekist á um réttmæti þess að einkavæða orkufyrirtæki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Orkugeirinn í Þýskalandi: Snúa baki við einkavæðingu

**ÞÝSKALAND** Yfir eitt hundrað orkufyrirtæki í Þýskalandi, sem áður höfðu verið einkavædd, hafa verið keypt til baka til hins opinbera. Þá hafa verið stofnuð 44 ný opinber orkufyrirtæki frá árinu 2007, eins og kemur fram í grein á heimasíðu Evrópusamtaka stéttarfélaganna á opinberum vinnuarkaði (EPSU).

Fram til 2016 mun þurfa að endurnýja næstum alla samninga þýskra sveitarfélaga um orkukaup og tvö sveitarfélög af hverjum þremur hyggjast nýta þau tímamót til þess að kaupa þau til baka sem áður hafði verið einkavætt.

Orkuverð í Þýskalandi hefur hækkað umtalsvert á undanförunum árum. Þannig hafa mót-mæli almennings leitt til þess að hætt hefur verið við einkavæðingarform. - shá

## ÖRYGGISMÁL

### Vefur um smáskjálfta

Að beiðni iðnaðarráðherra hefur Orkustofnun opnað upplýsingavef þar sem hægt er að finna svör við ýmsum spurningum er tengjast smáskjálftum af völdum niðurdælingar á Helli-heiði. Orkustofnun hefur umsjón með vefnum og sækir þekkingu varðandi svör við spurningum til viðeigandi stofnana. Sjá: [os.is/jardhiti/skjalftar](http://os.is/jardhiti/skjalftar)

Hoffell SU 80 dró flutningaskipið Ölmum til hafnar í Fáskrúðsfirði eftir að það varð stjórnlaut:

# Kafarar staðfesta að Alma missti stýrið

**ÖRYGGISMÁL** Kafarar staðfestu það í gær að flutningaskipið Alma missti stýrið, að öllum líkindum fljótlega eftir að það var komið út úr innsiglingunni í Höfn í Hornafirði. Skipið liggur nú við landfestar á Fáskrúðsfirði eftir að Hoffell SU 80 dró skipið til hafnar í gær. Alma óskaði eftir aðstoð þegar skipið varð stjórnlaut skömmu eftir brottför frá Höfn.

Garðar Jóhannsson er framkvæmdastjóri Nesskippa, sem er umboðsaðili Ölmur hér á landi. „Við staðfestum grun okkar þegar kafarar skoðuðu stýrisbúnað skipsins. Næstu skref um skip og farm verða tekin á næstu dögum,“ segir Garðar.

Garðar segir möguleika á að flytja farm

skipsins, frosnar sjávarafurðir, yfir í annað skip eða draga Ölmum til löndunarhafnar með farminn innanborðs.

Landhelgisgæslan fékk tilkynningu um atvikið eftir miðnætti á laugardag. Hoffell SU, skip Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði, var stutt frá og tók bátinn í tog. Varðskip og þylur Landhelgisgæslunnar voru í viðbragðs-stöðu meðan skipið var dregið til hafnar og stýrimaður Gæslunnar fór um borð í Ölmum skipstjórnendum til aðstoðar.

- shá



**ÖLMUM REKUR STJÓRNLAUST** Flutningaskipið er um hundrað metrar að lengd og 16 menn í áhöfn þess.

MYND/GUNNAR HLYNUR ÓSKARSSON



**EGILSHÖLL** Rekstur Egilshallar, sem byggð var af einkaaðilum, hefur löngum verið þungur. Reykjavíkurborg kom til aðstoðar með viðbótarleigusamningi árið 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ekki fleiri íþróttahús fyrr en hin fullnýttast

Íþróttahús í Kópavogi gætu annað mun meiru en nú er segir starfshópur sveitarfélaganna. Þau þurfi að fullnýta áður en byggt sé annars staðar á höfuðborgarsvæðinu. Hópurinn boðar samræmingu frístundastyrkja milli sveitarfélaga.

**SVEITARSTJÓRNIR** Ný íþróttamannvirki með mikla afkastagetu á ekki að byggja á höfuðborgarsvæðinu fyrr en sveitarfélögin á svæðinu hafa komið sér saman um staðsetninguna. Þetta er ein tillagna sameiginlegs starfshóps sveitarfélaganna.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu skipuðu starfshópinn í vor til að vinna að breyttum rekstri íþróttamannvirka og sundlauga og endurskoðun íþróttastyrkja. Fréttablaðið hefur áður sagt frá hugmyndum hópsins varðandi sundstaðina.

Starfshópurinn leggur til að gert verði svæðisskipulag fyrir íþróttafélög á höfuðborgarsvæðinu í heild í því skyni að auka nýtingu mannvirkja sem þegar eru

byggð. „Fyrir liggur í greiningu hópsins að mikil umframafkastageta er fyrir hópíþróttir í Kópavogi sem mikilvægt er að nýta til fulls áður en frekari nýframkvæmdir fara í gang,“ segir í til-löngum hópsins. Verði farið að þessu má búast við að íþróttaiðkendum úr nágrennasveitarfélögnum verði stefnt í Kópavog til æfinga.

Þá vill starfshópurinn koma upp sameiginlegri gjaldskrá um leigu á íþróttatímum og gagnabanka um áhöld og tæki sem hægt verði að leigja á milli íþróttahúsa. Einnig að kannað verði með sameiginleg innkaup og útbóð á vöru og þjónustu.

„Staðsetning dýrustu mannvirkja sem hafa mesta afkastagetu verði framvegis ákveðin í sam-

vinnu sveitarfélaga og með það að leiðarljósi að tryggð sé viðunandi nýting til framtíðar. Þar er einkum átt við sérhæfð mannvirki eða greinar þar sem iðkendur eru til-tölulega fáir á hverju svæði,“ segir starfshópurinn.

Jafnframt er lagt til að reglur um afreksstyrki og ferðastyrki verði samræmdar. Líka reglur um frístundakort og hvatagreiðslur þannig að „almenn geti börn og unglingar nýtt styrki viðkomandi sveitarfélags til æfinga með íþróttafélagi á höfuðborgarsvæðinu“. Þetta myndi til dæmis þýða að barn sem fær 25 þúsund króna frístundastyrk frá Reykjavíkurborg gæti nýtt hann til að stunda æfingar með íþróttafélagi í Hafnarfirði. gar@frettabladid.is

Hamfarir í Taílandi:

## Yfir 500 hafa látist í flóðum

**NÁTTÚRUHAMFARIR** Yfir fimm hundruð hafa nú látist í flóðunum miklu í norðanverðu Taílandi. Þetta er haft eftir talsmönnum þarlendra yfirvalda.

Flóðin, sem hófust fyrir um þremur mánuðum eftir óvenju miklar rigningar, hafa valdið skemmdum í þriðjungi hér-ada Taílands. Tugþúsundir hafa neyðst til að flýja heimili sín og hrísgrjónaakrar víða skemmt, en Taíland er stærsti útflytjandi hrísgrjóna í heiminum. Þá er umtalsverður hluti höfuðborgarinnar Bangkok undir vatni og óttast er að miðborgin verði fyrir enn meiri skemmdum. - kg



**ALFONSO CANO** Leiðtogi FARC var drepinn í árás kólumbíska hersins á föstudaginn.

Byltingarsamtök Kólumbíu:

## Æðsti leiðtogi FARC fallinn

**KÓLUMBÍA:** Alfonso Cano, æðsti leiðtogi kólumbísku skæruliðasamtakanna Byltingarher Kólumbíu, FARC, lést í árás kólumbíska hersins á föstudag. Forseti landsins, Juan Manuel Santos, staðfesti lát Cano um helgina en auk hans létust að minnsta kosti þrjár aðrir meðlimir FARC í árásinni.

Byltingarher Kólumbíu hefur frá árinu 1964 reynt að steypa stjórn Kólumbíu með það fyrir augum að koma á marxískri stjórn í landinu. - jma

Stefnir þú að háskólanámi en vantar tilskilinn undirbúningur?

## HÁSKÓLAGRUNNUR

### FRUMGREINANÁM HR BRÚAR BILÍÐ

Sæktu um á [www.frumgreinar.is](http://www.frumgreinar.is)

**OPNI HÁSKÓLINN**  
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

## VEÐURSPÁ

**Snjólaug Ólafsdóttir** veður-fréttamaður

**HLYNAR Í HVASSVIÐRI**  
Hvessir í dag og verður nokkuð ákveðið næstu daga. Rigning um allt land í dag, mest á V-verðu landinu. Dregur úr úrkomu til morguns. Hlynar í veðri og orðið frostlaust um allt land í kvöld.

**Á MORGUN** víða 10-18 m/s, hvassast V-til.

**MÍÐVIKUDAGUR** 10-15 m/s SV-til annars hægari.

**HEIMURINN**

Alicante	21°
Basel	14°
Berlín	13°
Billund	10°
Frankfurt	14°
Friedrichshafen	10°
Gautaborg	9°
Kaupmannahöfn	10°
Las Palmas	24°
London	14°
Mallorca	20°
New York	6°
Orlando	17°
Ósló	6°
París	12°
San Francisco	9°
Stokkhólmur	8°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig er í °C.  
Gildistími korta er um hádeg.



## KJÖRKASSINN



Hefur þú verið drukkin(n) á árshátíð í Hörpu?

JÁ 6,6%  
NEI 93,4%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er réttlætlegt að sekta þá sem henda rusli á almanna-færi?

Segðu skoðun þína á vísir

vísir

Rabarbaraklónasafn:

## Klónaræktun í Grasagarðinum

**NÁTTÚRA** Grasagarður Reykjavíkur og Erfðanefnd landbúnaðarins hafa gert með sér samning um að Grasagarðurinn varðveiti safn rabarbaraklóna sem lengi hafa verið í ræktun á Íslandi. Með undirritun samningsins er plöntunum tryggður vaxtarstaður til framtíðar, segir í tilkynningu.

Erfðanefnd landbúnaðarins leggur áherslu á að leita eftir samstarfi við grasagarða og byggðasöfn til að varðveita gamlar íslenskar nytjaplöntur í klónasöfnum. Í Grasagarðinum eru varðveittir sextán klónar af rabarbara, þar af eru sjö íslenskir. - sv

Villandi auglýsing hjá Epli.is:

## Sektað um 1,5 milljónir króna

**NEYTENDAMÁL** Neytendastofa hefur lagt 1,5 milljóna króna stjórnvaldssekt á Skakkaturninn efh., rekstraraðila Epli.is, þar sem fyrirtækið virti að vottugi ákvörðun stofnunarinnar frá því í desember 2010.

Neytendastofa taldi að fyrirtækið hefði brotið gegn ákvæðum laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu þar sem það gat ekki fært sönnur á fullyrðinguna „engir vírusar“ í auglýsingu.

Fyrirtækinu var bannað að auglýsa þannig en nú í október bærust Neytendastofu ábendingar um að það væri farið að auglýsa á sama hátt og áður, að því er segir á vef Neytendastofu. - ibs

## SAMGÖNGUR

### Herjólfur til Þorlákshafnar

Sökum þess að ölduspá fyrir Landeyjahöfn er óhagstæð mun Vestmannaeyjaferjan Herjólfur sigla til Þorlákshafnar í dag.

Heimsmeistaramót íslenska hestsins verður í fyrsta skiptið haldið í stórborg árið 2013:

## Íslenski hesturinn í miðborg Berlínar

**ÍPRÓTTIR** Heimsmeistaramót íslenska hestsins árið 2013 verður haldið í Berlín og er þetta í fyrsta sinn sem mótið er haldið í miðri stórborg. Rúnar Þór Guðbrandsson, tengiliður undirbúningsnefndar á Íslandi, segir mikinn áhuga fyrir mótinu.

„Bæði eru það tíðindi að keppnin verður í Þýskalandi, sem er langstærsti markaðurinn fyrir íslenska hestinn, og þar að auki í miðri höfuðborg landsins. Þjóðverjar líta margir hverjir á hestinn sem fánabera Íslands og við sjáum þarna tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki sem hafa einhverja tengingu við Þýskaland að kynna vörur sínar á mótinu á stóru sýningarsvæði,“ segir Rúnar.

Í dag klukkan 14 munu fimm fulltrúar heimsmeistaramótsins í Berlín halda fund í samvinnu við Íslandsstofu í Borgartúni 35 þar sem sýningar- og sölusvæðið verður sérstaklega kynnt fyrir tækjum.

„Þessi viðburður nýtist ekki bara fyrir tækjum í hestatengdri þjónustu, heldur einnig þeim sem eru í ferðaþjónustu, fjármálafyrirtækjum, handverki, hönnun, flugfélögum og hvaðeina. Þá er Íslandsstofa að vinna að því að skálinn sem notaður var á Heimssýningunni í Kína og á Bókamessunni í Frankfurt, verði settur upp í Berlín.“

- jma



**VEL SÓTT MÓT** Gert er ráð fyrir að um 20.000 manns muni mæta á Heimsmeistaramót íslenska hestsins og að uppselt verði orðið á mótið hálfu til einu ári áður en það hefst.

# Norðmenn uggandi vegna hrinu hrottalegra nauðgana

Alda nauðgana hefur gengið yfir Ósló það sem af er ári. Tvöfalt fleiri tilfelli en í fyrra þar sem ráðist er á konur að nóttu til. Rannsóknir ganga illa og dómar eru vægir. Stoltenberg leitar ráða í Kaupmannahöfn.

**ÓSLÓ** Alda nauðgana hefur gengið yfir Ósló, höfuðborg Noregs, í ár þar sem árásum á konur á götum úti að nóttu til hefur fjölgað sérstaklega mikið.

Síðasta tilfellið var aðfaranótt sunnudags þegar tveir menn réðust á 18 ára stúlku á leið úr samkvæmi. Alls er skráð 51 nauðgun af þessu tagi í borginni það sem af er ári, en allt árið í fyrra voru 24 slíkar árásir tilkynntar.

Í Noregi er greinarmunur gerður á aðstæðum þar sem nauðganir eiga sér stað.



**JENS STOLTENBERG** Alls eru á milli 8.000 og 16.000 nauðganir tilkynntar á landsvísi ár hvert, en þar undir eru í fyrsta lagi stefnumótanauðganir, þá nauðgun þar sem gerandi er nákominn þolandi og loks árásum nauðganir þar sem ókunnur maður eða menn ráðast á konu á almanna-færi, oftast í skjóli nætur.

Í þessum síðastnefnda flokki hefur tilvikum fjölgað ískýggilega síðustu ár, en á árunum 2006 til 2008 var samtals tilkynnt um 41 árásum nauðgun.

Lögreglan í Ósló hefur verið gagnrýnd harðlega fyrir getuleysi sitt í að stemma stigu við nauðgunum og hve illa gengur að upplýsa málin. Af þessum árásum nauðgunum, sem fyrr greinir, hafa aðeins sjö af 51 verið upplýstar og því hefur rannsóknarlögregla ríkisins verið kölluð til aðstoðar.

Um 300 manns komu saman í



**MYRKRAVERK** Mikil fjölgun hefur orðið á tilfellum þar sem nauðgarar ráðast á konur að nóttu til í Ósló. Meðal úrræða er að auka lýsingu á fáförnum stöðum í borginni. NORDICPHOTOS/GETTY

miðborg Óslóar um helgina og forðæmdu árásumnar og um leið var þess krafist að lögreglan tæki á nauðgunarmálum af meiri festu.

Ríkisútvarpið (NRK) hefur eftir Herdisi Magerøy, sem starfar í athvarfi fyrir fórnarlömb nauðgana, að lögregla leggi ekki nógu mikið í rannsóknir á málunum.

„Það hefur orðið til þess að margar konur veigra sér við að kæra nauðganir vegna þess að þær óttast að ekki sé tekið af alvöru á málunum,“ sagði hún.

Jens Stoltenberg forsætisráðherra hefur tekið málið upp og leitað ráða hjá borgaryfirvöldum í Kaupmannahöfn, sem hafa náð

### Rannsóknir ganga illa, dómar eru vægir

Illu gengur að leysa nauðgunarmál í Noregi. Árið 2003 átaldi nefnd Sameinuðu þjóðanna um afnám misrættis gegn konum stjórnvöld fyrir að einungis 27% nauðgunarmála upplýstust. Hlutfallið var komið í 23% árið 2009.

Einnig hafa dómar í nauðgunarmálum verið taldir of vægir. Refsiramminn er frá þremur árum upp í 21 ár, en síðustu ár hafa dómar verið að meðaltali um þrjú og hálf ár og í flestum tilfellum afplána sökudólgarnir aðeins tvo þriðju hluta dóma.

nokkrum árangri í þessum efnun.

„Núverandi ástand í Ósló er óviðunandi,“ sagði Stoltenberg við NRK. „Þá er mikilvægt að allir leggist á eitt og líti einnig til þess sem má læra af öðrum.“

Meðal þeirra aðgerða í Kaup-

mannahöfn sem Stoltenberg vísar til er meiri sýnileiki lögreglu á götum borgarinnar, efling almenningssamgangna að næturlagi og bætt lýsing á dimmum og afskekktum stöðum.

thorgils@frettabladid.is

## Nýjustu heyrnartækin og ókeypís heyrnarmæling

Komdu í ókeypís heyrnarmælingu og kynntu þér nýjustu heyrnartækin sem við höfum að bjóða. Þú trúir örugglega ekki þínum eigin augum - hvað þá eyrum!

### HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin • Kringlunni  
Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is





# EINAR VÖNDUÐUSTU INNRETTINGAR Á MARKAÐNUM

Allt að  
**40%**  
afsláttur



## ELDHÚS

### COUNTRY

Glerhörð, kámfri áferð

Fulningur  
hvítt lakkað, háglans

Original  
**BLUM**  
mjúklökun  
á öllum  
skúffum  
og hurðum



### DUCALE

Hvítt lakkað  
háglans

Glerhörð  
kámfri  
áferð  
innfelld  
handföng



### DUCALE

Ljós eik  
innfelld  
handföng

## BAÐ



HVÍTT HÁGLANS stærð: 142 x 48 sm HVÍTUR FULNINGUR stærð: 122 x 48 sm



EPLI stærð: 142 x 48 sm HNOTA stærð: 122 x 48 sm

## ÞVOTTAHÚS

Heil innrétting fyrir þvottavél og þurrkara

Allt að  
**40%**  
afsláttur

Djúpar  
mjúklökandi  
skúffur  
og full  
útdraganleg  
vinnuborð



Háglans - sprautulakkað



Háglans - sprautulakkað

## FATASKÁPAR

Breiddir: 40, 50, 80 og 100 sm, hæð: 240 sm



Ljós eik  
innfelld handföng

Háglans - sprautulakkað  
innfelld handföng

Allt að  
**40%**  
afsláttur

[www.i-t.is](http://www.i-t.is)



- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# Úrvals ílát

100 lítrar **5.450**

75 lítrar **4.990**

50 lítrar **3.990**

35 lítrar **2.290**

50 lítrar **3.390**

45 lítrar **3.690**

18 lítrar **1.790**

35 lítrar **2.695**

Hvitt = fyrir matvælaíðnað – lok fánleg

**Mikið úrval Margar stærðir Gott verð**

**MURBUDIN**


— Afslátt eða gott verð? —

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Meiri gæði Lægra verð

Reykjavík - Reykjanesbæ Akureyri - Húsavík Vestmannaeyjum



Hagsmunasamtök Heimilanna

UNDIRSKRIFTASÖFNUN

Réttlæti fyrir heimilin - skráðu þig í undirskriftasöfnun

www.heimilin.is

## Hollenska fyrirtækið Alfesca hagnaðist um 5,5 milljarða á síðasta ári: Matvörufélag Ólafs græðir milljarða

**VIÐSKIPTI** Hollenska matvælafyrirtækið Alfesca, sem Ólafur Ólafsson á tæplega 40 prósentu hlut í, hagnaðist um 35 milljónir evra á síðasta ári, sem jafngildir rúmlega 5,5 milljörðum íslenskra króna. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Ólafur á hlutinn í gegnum félagið Kjalur Invest, á móti franska fyrirtækinu Lur Berri. Hlutur Ólafs var áður inni í Eglu,

dótturfélagi Kjalars, en hann flutti hlutinn í Kjalur Invest áður en Eglu gekk í gegnum nauðasamninga við kröfuhafa.

Tæplega hálfur milljarður króna var greiddur í arð til hluthafa Alfesca í fyrra, en eignir félagsins umfram skuldir nema um 59 milljörðum íslenskra króna. Ólafur samdi nýlega við

Arion banka um skuldauppgjör Kjalars, sem hélt utan um þriðjungshlut hans í HB Granda. Arion banki tók hlutinn, auk lausafjár, samtals að andvirði ríflega þrettán milljarða, upp í rúmlega 70 milljarða skuld Kjalars við bankann. Skuldin er nú að engu orðin.

Ólafur, sem var í síðustu viku yfirheyrður af sérstökum saksóknara vegna tengsla sinna við hið svokallaða Al-Thani-mál hjá Kaupþingi, á enn ráðandi hlut í flutningarísanum Samskipum ásamt stjórnendum félagsins. - sh



ÓLAFUR ÓLAFSSON Á enn Samskip ásamt starfsmönnum fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Lítil breyting

Sem dæmi um notkun gagnagrunnsins birtu þær Hulda Þórisdóttir og Eva Heiða Önnudóttir rannsóknir sínar sem unnar voru upp úr gögnunum sem þar er að finna.

Hulda sýndi meðal annars fram á að miðað við önnur Evrópulönd færðust íslenskir kjósendur nokkuð til hægri á ási stjórnmála skoðana á velmegunarárnum, en svo aftur til vinstri eftir hrún. Þá hafa helstu álitamál með tilliti til skiptingar í hægri og vinstri breyst nokkuð síðustu ár. Áður var eindregin afstaða til veru Bandaríkjahers hér á landi einn besti mælikvarðinn á það hvorum megin fólk skilgreindi sig, en frá brotthvarfi hersins hefur málið snúist í meira mæli um stóriðju, skatta og einkarekstur í heilbrigðisgeiranum.



ÖLLUM OPIÐ Ólafur P. Harðarson opnaði formlega gagnagrunn þar sem má finna upplýsingar um stjórnmálaviðhorf Íslendinga frá 1983. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Tímamót í aðgangi að rannsóknagögnum

Félagsvísindastofnun hefur opnað fyrir aðgang að gögnum úr kosningarannsóknunum. Gefa heildstæða mynd af viðhorfum kjósenda á Íslandi. Ólafur P. Harðarson vonast til að sem flestir nýti sér gögnin.

**VÍSINDI** Gögn og upplýsingar úr Íslensku kosningarannsókninni, yfirgrípsmikilli rannsókn á kosninga- og stjórnmálahegðun Íslendinga allt frá alþingiskosningunum árið 1983, eru nú aðgengilegar á vef Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands (HÍ) www.fel.hi.is.

Ólafur P. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði og forseti félagsvísindasviðs HÍ, opnaði formlega fyrir almenningi aðgang að gögnunum á hádegisfundinum föstudag, en hann er helsti frumkvöðullinn bak við þessar kannanir.

Upplýsingarnar eru byggðar á svörum almennings við spurningalistum sem hafa verið lagðir fyrir Íslendinga á kosningaaldrinum í tengslum við alþingiskosningar og er þar spurt um afstöðu til stjórnmálaflokka og málefna tengdum stjórnmálum. Félagsvísindastofnun hefur séð um framkvæmd könnunarinnar frá kosningunum 1987.

Sem stendur eru gögn aðgengileg frá fimm af átta kosningum sem eru innan þessa tíma. Gögn frá kosningunum 1983 og 1987 eru enn ekki komin á rafrænt form og gögn úr síðustu rannsókn, árið 2009, verða ekki gerð aðgengileg fyrr en eftir næstu rannsókn.

Við þetta tækifæri sagði Ólafur að mörg rök væru fyrir því að gera umrædd gögn aðgengileg.

Meðal annars það sem kallast

„frelsun gagna“ en einnig hefur þróun á alþjóðavettvangi verið með þeim hætti að slíkir gagnagrunnar eru að verða sífellt mikilvægari tæki í rannsóknum á sviði félagsvísinda.

Auk þess sagði Ólafur að þar sem flestar þessar rannsóknir væru unnar á kostnað skattborgara væri það sjálfsgöð tillitsemi að þau væru öllum aðgengileg.

Í samtali við Fréttablaðið sagði Ólafur að opnun gagnagrunnsins væri mikill áfangi fyrir rannsóknastarf hér á landi. Mikilvægt væri að geta borið saman niðurstöður bæði í tíma og rúmi.


„Ég er gríðarlega ánægður með að hafa komið þessu fram þó ég hefði gjarna viljað vera búinn að þessu fyrr. Það er hins vegar dýrt að koma gögnum á aðgengilegt form.“

Ólafur segir sérstaklega ánægjulegt að sjá hvernig aðrir fræðimenn vinna með gögnin og vonast til þess að sem flestir nýti sér þau.

Þó safnið sé fyrst og fremst hugsað með þarfir fræðimanna og háskólanema að sjónarmiði, getur almenningur einnig nýtt sér upplýsingarnar sem þar er að finna.

„Þetta er hugsað fyrir alla sem hafa burði til að reikna og þekkja nauðsynleg forrit“, segir Ólafur. „Ef fólk kann að vinna með gögn í Excel eða SPSS getur það nýtt sér upplýsingarnar.“

thorgils@frettabladid.is



Íslandsbanki hefur skýra framtíðarsýn og hefur samþykkt 5 ára stefnu í upplýsingatækni

Íslandsbanki er framsækið fjármálafyrirtæki sem ætlar að vera í fararbroddi í þjónustu við viðskiptavininn og tölvukerfin þurfa að styðja þá stefnu. Íslandsbanki leggur

áherslu á fagleg vinnubrögð, framsýni og jákvætt viðhorf. Íslandsbanki leggur á gott starfsumhverfi og öfluga og samhenta liðsmeild.

## .NET forritari í hugbúnaðardeild

Íslandsbanki óskar eftir að ráða kláran og metnaðarfullan .NET forritara í krefjandi og skemmtileg verkefni.

Hugbúnaðardeild Íslandsbanka er skipuð metnaðarfullu og lausnamiðuðu starfsfólki sem leitast ávallt við að vera í fararbroddi með lausnir á sviði upplýsingatækni. Liðsmeild sem er sterk og tekst á við nýjar áskoranir sameiginlega til að skila bestu lausninni hverju sinni. Við vinnum þétt með hagsmunaaðilum okkar innan sem utan bankans. Okkur finnst skemmtilegt í vinnunni.

Nánari upplýsingar veitir Kjartan Hrafn Kjartansson deildarstjóra Viðskiptalausna, sími 844 4379, kjartan.kjartansson@islandsbanki.is.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is) og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá fyrir 13. nóvember.

Tengiliður á mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, sími 440 4172, netfang: [sigrun.olafs@islandsbanki.is](mailto:sigrun.olafs@islandsbanki.is).

### Helstu verkefni:

- Forritun í .NET
- Greining, hönnun, þróun og innleiðing hugbúnaðar
- Samskipti við hagsmunaaðila
- Þátttaka í verkefnum í bankanum

### Hæfniskröfur:

- Þekking á .NET og SQL
- Þekking og kunnáttu í hlutbundinni forritun
- Háskólapróf við hæfi
- Faglegur metnaður og öguð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og kraftur



FJÖLVARP

Discovery CHANNEL

MYTHBUSTERS

Alla virka daga kl. 18.00

Discovery Channel er fánleg í FJÖLVARP ALLT FJÖLVARP FRÆDSLÁ FJÖLVARP TOPPUR FJÖLVARP LANDSBYGGÐ



# Fjórir stjórar og einn sérfræðingur

Fimm spennandi störf hjá stærsta (og skemmtilegasta) UT-fyrirtæki landsins

## Deildarstjóri rekstrarþjónustu

Við leitum að öflugum deildarstjóra til að stýra rekstrarþjónustu Skýrr. Rekstrarþjónusta Skýrr veitir fyrirtækjum og stofnunum fjölbreytta þjónustu við rekstur tölvukerfa sinna. Verkefni spanna allt frá reglubundnu eftirliti og umsjón með vinnustöðvum starfsmanna yfir í að sjá alfarið um rekstur tölvukerfa.

### Starfssvið

- Að móta og byggja upp sterka liðsheild
- Sækja og fylgja eftir viðskiptatækifærum
- Dagleg umsjón, uppbygging og þróun deildarinnar

### Hæfniskröfur

- Reynsla af stjórnunarstörfum er æskileg
- Þekking og reynsla af tæknilegum rekstri
- Vilji og metnaður til að ná árangri

## Þjónustuliprir kerfisstjórar

Vegna aukinna verkefna leitar Skýrr að þjónustuliprum tæknimönnum og kerfisstjórum sem eru tilbúnir að taka að sér ögrandi verkefni hjá mörgum af stærstu fyrirtækjum og stofnunum landsins.

### Starfssvið

- Útstöðvaþjónusta - aðstoð við notendur
- Skipulagning og uppsetning staðarneta í Active Directory
- Rekstur Microsoft miðlara

### Hæfniskröfur

- Reynsla af rekstri tölvukerfa skilyrði
- Prófgráður eru kostur, t.d. Microsoft gráður
- Rík þjónustulund og áhugi á að vinna í fjölbreytilegu umhverfi

## Verkefnastjóri Hýsingar

Við leitum að verkefnastjóra fyrir hýsingar og rekstrarsvið EJS.

### Starfssvið

- Umsjón með innleiðingum og nýrri þjónustu/kerfum
- Skipuleggja umbótaverkefni
- Aðkoma að vali og innkaupum búnaðar
- Umsjón hýsingarsölu Skýrr

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun og/eða reynsla í upplýsingatækni
- Þekking á rekstri í upplýsingatækni og þjónustu
- Microsoft eða sambærilegar vottanir kostur
- Brennandi áhugi á nýjungum í upplýsingatækni

## Þjónustustjóri

Við leitum að þjónustustjóra fyrir Hýsingar- og rekstrarsvið EJS. Skýrr þjónustar mörg af stærstu fyrirtækjum landsins á sviði hýsingar.

### Starfssvið

- Stjórnun kerfisstjóra í daglegum rekstri
- Samskipti við viðskiptavini
- Samskipti við aðra starfsmenn Skýrr, einkum á sviði hýsingar
- Þátttaka í útboðs- og tilboðsgerð
- Ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavini

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun og/eða reynsla í upplýsingatækni
- Þekking á rekstri í upplýsingatækni og þjónustu
- Microsoft vottanir kostur
- Brennandi áhugi á nýjungum í upplýsingatækni

## Sérfræðingur í afgreiðslulausnum

Við leitum að sérfræðingi í afgreiðslulausnahóp. Hópurinn hefur um margra ára skeið verið leiðandi í ráðgjöf og þjónustu á sviði afgreiðslulausna í verslunar- og bankageiranum. Hérna gefst tækifæri fyrir réttan einstakling að bætast í samhentan hóp sérfræðinga og fást við krefjandi verkefni.

Starfið felur í sér rekstur á vélbúnaði og hugbúnaði ásamt viðhaldi á hugbúnaði tengdum verslunarkerfum.

### Hæfniskröfur

- Þekking á Microsoft stýrikerfum
- Almenn þekking/reynsla af afgreiðslukerfahugbúnaði æskileg
- Reynsla af vinnu við vélbúnað
- Reynsla/þekking á Visual Basic og/eða C++ æskileg
- Grunnþekking á SQL æskileg

## Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Unnur Flygenring, sérfræðingur á mannauðssviði Skýrr (unnur.flygenring@skyr.is). Tekið er á móti umsóknum á vef Skýrr (www.skyrr.is). Umsóknarfrestur er til og með 14. nóvember næstkomandi. Fullum trúnaði heitið. Öllum umsóknum verður svarað.

### Skýrr: Stórt og næs

Skýrr er stærsta og skemmtilegasta fyrirtæki landsins í upplýsingatækni. Skýrr er jafnframt níunda stærsta UT-fyrirtæki Norðurlanda með tæplega 1.100 starfsmenn, þar af 600 á Íslandi. Skýrr er jafnréttissinnað, fjölskylduvænt

og hlúir vel að starfsfólki. Sveigjanlegur vinnutími, góð laun og frábær vinnu- aðstaða í boði. Kaffið er magnað og maturinn fyrsta flokks. Félagslíf er kraftmikið og uppákomur tíðar. Gildi Skýrr eru ástríða, snerpa og hæfni.



Andy Rooney, einn vinsælasti sjónvarpsmaður Bandaríkjanna, er látinn:

## Starfaði í sjötíu ár við fjölmiðla

**FÓLK** Andy Rooney, einn vinsælasti fjölmiðlamaður Bandaríkjanna, lést á laugardagsnótt. Hann var 92 ára þegar hann lést á sjúkrahúsi í New York, en þar var Rooney lagður inn vegna fylgikvilla smávægilegrar skurðaðgerðar sem hann gekkst undir í síðasta mánuði.

Aðeins er rúmur mánuður síðan Rooney tilkynnti að hann hygðist draga sig í hlé frá fjölmiðla-störfum, en hann var einna helst þekktur fyrir vikulega pistla sína í fréttabættinum 60 Minutes.

Rooney hóf feril sinn í fjöl-



ANDY ROONEY

miðlum í síðari heimsstyrjöldinni. Þá var hann staðsettur í London og skrifaði fyrir Stars and Stripes, fréttarit Bandaríkjahers. Hann hóf störf hjá CBS-sjónvarpsveldinu árið 1949 og starfaði því innan vébanda þess í yfir sex áratugi. Hann gekk til liðs við 60 Minutes árið 1978 og hafði umsjón með fimm mínútna

lögum innslögum í þættinum nánast til dauðadags.

Rooney var afar vinsæll sjónvarpsmaður en jafnframt umdeildur. Árið 1990 var hann sendur í þriggja mánaða kauplaust leyfi fyrir ummæli sem þóttu niðrandi í garð þeldökkra og samkynhneigðra. Þá kallaði Rooney leikarann Mel Gibson og sjónvarpspredikarann Pat Robertson brjálæðinga í þætti árið 2004 og bárust sjónvarpsstöðinni yfir 30.000 kvörtunarbref í kjölfarið.

- kg

Geðhjúkrunarfræðingar:

## Lokun Vinjar er áhyggjuefni

**HEILBRIGÐISMÁL** Fagdeild geðhjúkrunarfræðinga lýsir yfir alvarlegum áhyggjum af yfirvofandi lokun Vinjar, athvarfs fyrir geðfatlaða, sem Rauði kross Íslands hefur starfrækt um árabíl. Þetta segir í ályktun frá deildinni, þar sem skorað er á opinbera aðila að veita Rauða krossinum fjármagn til að halda Vin opinni.

„Þar með væri framtíð Vinjar með óbreyttu sniði tryggð og óvissu og kvíða skjólstaðinga Vinjar um framtíð sína létt,“ segir í ályktuninni.

- sv



**FJÖRUTÍU HENDUR** Það er ekki heiglum hent að telja hendur þáttakenda í þessum gjörningi fjöl-listahóps í kínversku borginni Yangon, sem er eingöngu skipaður fötluðum.

NORDICPHOTOS/AFP

## Takið vel á móti fermingarbörnunum



Þau safna fyrir Hjálparstarf kirkjunnar 7.-15. nóvember



Hjálparstarf kirkjunnar  
www.help.is



**FRELSINU FEGNIR** Sexmenningarnir höfðu ekki margt að dunda sér við um borð. Helsta afþreyingin var í formi Nintendo Wii-tölvu og trommusetts úr leiknum Guitar Hero.

Sex menn hafa þóst ferðast til Mars í eitt og hálf ár:

## Lausir úr vist í stálhólki

**VÍSINDI** Sex menn yfirgáfu í gær harðlæsta stálhólka sem þeir hafa dvalist í undanfarið hálf tveimur árum til að líkja eftir geimferð til Mars.

Mennirnir voru þátttakendur í verkefni á vegum rannsóknarstofnunar í Moskvu sem kallaðist Mars500. Tilgangur þess að var að kanna andleg og líkamleg áhrif svo langrar geimferðar á áhöfnina.

Í tilrauninni léku þeir „geimfaranna“ meira að segja eftir landingu á Mars, klæddust alvöru geimbúningum og gengu þvert yfir lokað rými með sandi.

Í áhöfninni voru Ítali, Frakki, þrír Rússar og einn Kínverji. Sá síðastnefndi kenndi félögum sínum kínversku á meðan á tilrauninni stóð.

Einna þungbærust voru stopul samskipti manna við ástvinu sína. Þau fóru fram í gegnum tölvupóst og vídeóbloss, enda tók minnst 25 mínútur fyrir skilaboð að berast á leiðarenda, eins og væri í raunverulegri ferð til Mars.

Mennirnir sögðust allir heilir heilsu en voru þó settir í einangrun og lækni skoðun í gær.

- sh

Samtök atvinnulífsins efna til opins morgunverðarfundar föstudaginn 11. nóvember í Hörpu - Silfurbergi kl. 8.30-10.00.

# RJÚFUM KYRRSTÖÐUNA LEIÐIR TIL BETRI LÍFSKJARA

Á fundinum munu SA kynna nýtt rit um hvernig rjúfa má kyrrstöðuna á Íslandi og bæta lífshæð. Í riti SA er m.a. fjallað um gjaldmiðismálin, brottflutning Íslendinga frá landinu í hálf á öld, leitina endalaus að stöðugleika í efnahagsmálum, þróun á vinnumarkaði, tækifæri til að draga úr atvinnuleysinu og auka samkeppnishæfni þjóðarinnar.

Hópur stjórnaenda úr fjölbreyttum atvinnugreinum mun bregðast við hugmyndum SA á fundinum.

Boðið verður upp á kraftmikið kaffi og morgunhressingu frá kl. 8.00. Fundarmenn fá eintak af riti SA.

Allir velkomnir.

➔ Nauðsynlegt er að skrá þátttöku á [www.sa.is](http://www.sa.is)



ENNEMM / SIA / NM48902

Samtök atvinnulífsins eru heildarsamtök íslensks atvinnulífs. Aðildarfélag SA eru um tvö þúsund talsins í margs konar rekstri. Innan SA er að finna allt frá einrykjum til stærstu fyrirtækja landsins.

Hjá félagsmönnum SA starfar um helmingur launamanna á almenna vinnumarkaðnum á Íslandi. Innan Samtaka atvinnulífsins eru átta aðildarfélag sem starfa á grunni atvinnugreina.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Kynntu þér nánar á:  
[www.urdarhvarf.is](http://www.urdarhvarf.is)



# TIL LEIGU

## URÐARHVARF 6

# Leiga frá 1.450 kr. á fm

Er leigusamningurinn að renna út? Skoðaðu hagkvæmari kosti!

- Fullbúið skrifstofuhúsnæði
- Leigurými frá 350 - 7.000 fm
- Leigusali greiðir flutningskostnað!



#### Þekking hf. nýflutt í Urðarhvarf 6:

„Þekking lækkaði húsnæðiskostnað fyrirtækisins umtalsvert við flutning í Urðarhvarfið. Húsið er mjög vel tæknilega útfært, sérstaklega hvað varðar öflugt og öruggt netsamband. Starfsfólkinu líður vel hér enda auðvelt að keyra í og úr vinnu og húsið á fallegum stað á höfuðborgarsvæðinu.“

Stefán Jóhannesson, framkvæmdastjóri Þekkingar

Leigusali:



Nánari upplýsingar gefa:



Óskar Sigurmundason  
[oskar@huseign.is](mailto:oskar@huseign.is)  
gsm 866 8808



**Atvinnueignir**  
Löggild leigumiðlun og fasteignasala

Helgi Már Karlsson  
[hmk@atvinnueignir.is](mailto:hmk@atvinnueignir.is)  
gsm 897 7086



Guðlaugur Örn Þorsteinsson  
[gulli@leigulistinn.is](mailto:gulli@leigulistinn.is)  
gsm 896 0747



FASTEIGNARÁÐGJÖF  
LEIGUMIÐLUN

Örn V. Kjartansson  
[orn@m3.is](mailto:orn@m3.is)  
gsm 825 9000

137 fyrirtæki eru í eigu bankanna.

## Tíminn senn á þrotum

**E**nn bætist í þá mynd sem birt hefur að undanförunu, meðal annars í fréttaskýringum hér í Fréttablaðinu, af umfangsmiklum fyrirtækjarekstri stóru bankanna. Í „mjúkum faðmi bankanna“ hvíla nú 137 fyrirtæki, samkvæmt upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið gaf í svari við fyrirspurn Félags atvinnurekenda. Mörg þeirra hafa verið í fangi fjármálastofnana í 30 mánuði eða meira.

### SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen  
olafur@frettabladid.is



Þetta eru fyrirtæki sem bankarnir hafa yfirtekið vegna rekstrarörðugleika og enn ekki komið af höndum sér. Lögjafinn ætlast þó til þess að bankarnir hraði því að endurskipuleggja fyrirtæki og koma þeim í hendur nýrra eigenda. Þannig var lögum breytt í fyrra og kveðið á um að bankarnir megi ekki eiga fyrirtæki í óskyldum rekstri lengur en í ár. Sú takmörkun tók gildi um mitt ár í fyrra. Síðan þá hafa bankarnir sótt um undanþágu til Fjármálaeftirlitsins til að fá að eiga 68 fyrirtæki lengur, eða um helming af þeim fyrirtækjum sem þeir ráða yfir. Allar undanþágurnar hafa verið samþykktar.

Eins og fram hefur komið í umfjöllun Fréttablaðsins er samkeppnisstaðan á mörgum mikilvægum mörkuðum skökk vegna mikilla umsvifa bankanna. Mörg fyrirtæki sem stóðu betur en þau sem bankarnir yfirtóku telja sig nú vera í óþolandi stöðu þar sem bankarnir hafi afskrifað skuldir og jafnvel lagt inn eiginfé hjá „sínunum“ fyrirtækjum en gangi fast eftir því að keppinautarnir standi í skilum.

Það er skiljanlegt að bankarnir vilji fá sem best verð fyrir fyrirtæki sem þeir hafa neyðt til að yfirtaka. Því sjónarmiði verður þó ekki sýndur endalaus skilningur. Því lengur sem þetta ástand varir, þeim mun meiri er skaðinn fyrir frjálsa samkeppni og þar með hagsmunum neytenda.

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, sagði í Fréttablaðinu á laugardag að með því að samþykkja allar undanþágubeiðni bankanna væru þau skilaboð send út á markaðinn að hagsmunir bankanna nytu vafans, ekki hagsmunir neytenda eða samkeppnismarkaðar.

Þetta er rétt athugað. Þó bendir ýmislegt til að eftirlitsstofnanir hyggist ekki umbera núverandi ástand mikið lengur. Þannig beinir Samkeppniseftirlitið nú í vaxandi mæli athygli sinni að eignarhaldi og/eða yfirráðum banka yfir fyrirtækjum á samkeppnismarkaði. Í Markaðnum, fylgiriti Fréttablaðsins, síðastliðinn miðvikudag sagði Gunnar Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, að stofnunin færi fljótlega að taka á málinu. „Ef þetta ferli dregst mikið lengur, án þess að við fáum góðar skýringar á því, þá gæti það leitt til þess að við beittum viðurlögum. Það gæti verið allt frá dagsektarferli í hærrí eiginfjárkröfur,“ sagði Gunnar.

Eftirlitsstofnanirnar gera rétt í því að anda niður um hálmálið á bönkunum. Endurskipulagningin hefur tekið of langan tíma. Nú hlýtur hann að fara að renna út.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Íssn 1670-3871

15% AFSLÁTTUR



Nicorette Fruitmint

15% afsláttur af öllum pakkningastærðum til 15. desember

SUDURLANDSBRAUT 22  
SÍMI 533 6100  
LYFJAVER.IS

Opið mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

LYFJAVER

APÓTEK + LYFJASKÜMMTUN

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Óneitanlega sérstakt

Hanna Birna Kristjánsdóttir telur að það muni ekki standa sér fyrir þrífum sem formanni Sjálfstæðisflokksins að eiga ekki sæti á þingi. Aðrir eru ósammála þessu, til dæmis sitjandi formaður, Bjarni Benediktsson. Hann sagði í viðtali við Fréttablaðið fyrir helgi að sér þætti þessi staða „óneitanlega mjög sérstök“ – í ljósi þess að ekki alls fyrir löngu hefði flokksformaður sagt af sér þegar hann náði ekki kjöri á þing. Þar vísaði Bjarni til Jóns Sigurðssonar, sem var formaður Framsóknarflokksins í tæpt ár frá 2006 til 2007.



#### Ósanngjarn samanburður

Það er rétt hjá Bjarna að það væri sérstakt ef formaður Sjálfstæðisflokksins ætti ekki sæti á þingi. Enda hefur það aldrei gerst áður. Samanburðurinn við afsögn Jóns Sigurðssonar er hins vegar dálítið ósanngjarn því þar kom vitaskuld fleira til. Jón missti jú þingsætið sitt sem hann hafði átt sem ráðherra en honum hafði líka mistekist ætluarverk sitt í formannsstöli: að auka fylgi flokksins og ná góðri kosningu til þings. Svo illa mistókst honum raunar að

flokkurinn náði ekki manni inn í kjördæmi formannsins. Þá er ekki skrifíð að menn sjái sína sæng upp reidda.

#### Hvort skiptir meira máli?

Flestum finnst líklega ótímabær framtíðarmúsík að velta fyrir sér gengi Sjálfstæðisflokksins í kosningum árið 2013. Þó telur Hanna Birna að um þær muni formannskjörið snúast. Flokksmenn – þeirra á meðal Bjarni – þurfa hins vegar fyrst að gera það upp við sig hvort skiptir meira máli í fari formanns: að hann auki fylgi flokksins eða eigi sæti á þingi.

stigur@frettabladid.is



### HALLDÓR



## Heildstæð orkustefna

### Orkumál



Katrín Júlíusdóttir  
iðnaðarráðherra

Orkuauðindir okkar Íslendinga eru orkulegar og þær eru ein af grunnstöðunum sem samfélag okkar byggir á. En það fylgir vandi vegsmeð hverri og við verðum að umgangast náttúru landsins og auðindirnar af virðingu og höfsemd.

Það var mér mikið gleðiefni þegar ég fékk í hendurnar mjög vel ígrundaðar tillögur að ORKUSTEFNU FYRIR ÍSLAND sem stýrihópur hefur unnið að um tveggja ára skeið. Nú liggur næst fyrir að ræða tillögurnar á Alþingi og það er von mín og ásetningur að um málið náist viðtæk samstaða og sátt. Orkustefna fyrir Ísland er nefnilega ekkert hversdagslegt skjal heldur er henni ætlað að vera grundvöllur og viðmið allra ákvarðana er varða orkumál. Um leið og ég þakka stýrihópnum fyrir gott starf vil ég hvetja alla til að kynna sér tillöguna en hana má nálgast á vefsvæðinu [www.orkustefna.is](http://www.orkustefna.is).

Það kennir ýmissa grasa í orkustefnunni og víða komið við. Kjarninn í stefnunni er að orkubúskap Íslands verði hagað með sjálfbærum hætti, samfélaginu og almenningi til hagsbóta. Þetta

þýðir m.a. að ákvarðanir um orkunýtingu séu teknar af kostgæfni með hámarks arðsemi og langtíma hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Í tillögnum er lagt til að komið verði á fót sérstökum auðlindasjóði sem tekjur af orkuauðlindum í eigu ríkisins renni í og nýtingarsamningar verði gerðir til tiltekins hóflegs tíma. Samhliða þessu er mikilvægt að mótuð verði gjaldtökustefna af orkunýtingu þannig að þjóðin njóti arðsins af sameiginlegum orkuauðlindum. Þá er jafnframt lögð mikil áhersla á að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis en innflutningur á því nemur um 44 milljörðum króna árlega.

Þessa dagana er skammt stórra högga á milli í orkumálum þjóðarinnar því að næsta föstudag lýkur opnu samráðs- og kynningarferli um drög að þingsályktun um Rammaáætlun, sem er grundvöllur langþráðrar sáttar um hvar skuli virkjað og hvar verndað. Saman mynda Orkustefnan og Rammaáætlunin skýra og öfluga framtíðarsýn í auðlindanýtingu þjóðarinnar. Við skulum öll leggjast á eitt um að klára þessi mál þannig að sómi sé að.

# Þau eru daviðistar

Í DAG

**Guðmundur Andri Thorsson**  
ríthöfundur



Nú er maður náttúrulega ekki sjálfstæðismaður og kannski óviðurkvæmilegt að vera að tjá sig um privatmálefni þess flokks eða taka afstöðu til þess hvaða leiðtoga flokkurinn velur sér. Eða hvað? Þegar yngri dóttir mín var lítil mismælti hún sig einu sinni og sagði að eitthvað væri „hjáviðkvæmilegt“ – enginn skildi alveg orðið en kannski þýðir það einmitt þetta: einhvers konar blöndu af því sem er óviðurkvæmilegt og óhjákvæmilegt.

Því okkur kemur það óeitanlega öllum nokkuð við hver er formaður Sjálfstæðisflokksins. Þetta er ennþá Flokkurinn. Þetta er ennþá hákirkjan í íslensku þjóðlífi. Þarna eru ennþá allir sem ráða og eiga. Líklegt er að sú manneskja sem sigrar í þessu kjöri muni í fyllingu tímans setjast í forsætisráðherrastól og leida þjóðina gegnum og inn í umbrotaskeið. Okkur kemur öllum við hvernig þetta fólk hugsar.

### Hún er... hann er...

Kosningabaráttan er hafin og fólk farið að úthúða hvert öðru af mikilli kurteisi eins og tíðkast í flokkum en við hin stöndum á lengdar og reynum að átta okkur á því hverju það myndi eiginlega breyta að Hanna Birna yrði formaður flokksins. Hún er kona. Hún er utanþings (ennþá) – hún getur talað miklu hraðar en Bjarni. Fleira? Hún er ljós og hann er dökkur. Hún er snaggaraleg og hann er hægur. Hún er Hafnarfjörður – hann er Garðabær. Hún er Albýða – hann er Ætt. Það er munur á þeim þannig lagað – nema þegar kemur að sjálfri stefnunni. Henni ræður Davíð Oddsson.

Hanna Birna er sennilega ekki froðufellandi einkarekstrarsinni – frekar en Bjarni – en rétt eins og hann líkleg til að taka hagsmuni útgerðarauðvalds fram yfir hagsmuni almennings. Bæði virka þau á mann sem fremur pragmatísk,

hentistefnufólk sem hagar seglum eftir vindi fremur en miklir leiðtogar með sterka sýn á íslenskt samfélag, þó að óeitanlega virðist manni meiri leiðtogabragur á Hönnu Birnu. Þjóðin þráir leiðtoga: einhvern sem segir: Jæja krakkar, komum hingað! Jóhönnu Sigurðardóttur er mikið í mun að ná til valdalaus fólksins sem hún hefur alltaf byggt fylgi sitt á en í þeirri viðleitni hættir henni til að hljóma eins og hún sé valdalaus sjálf, hún hljómar eins og manneskja sem eltir en leiðir ekki. Í stað þess að segja við okkur: Jæja krakkar. Hér erum við, þetta þurfum við að gera og á morgun verðum við þá komin hingað, þá

Hanna Birna er sennilega ekki froðufellandi einkarekstrarsinni – frekar en Bjarni – en rétt eins og hann líkleg til að taka hagsmuni útgerðarauðvalds fram yfir hagsmuni almennings.

eyðir hún ræðutíma sínum í að byggja upp samkennd með öllum þeim sem hata banka. Steingrími J. ferst það betur út hendi að tala við þjóð sína um erfið mál eins og einn fullorðinn maður við annað fullorðið fólk.

### Valhallarbörnin

Bæði eru þau Hanna Birna og Bjarni hagvön í innstu afkimum Valhallar; Bjarni hefur örugglega leikið sér þar á göngunum sem barn á meðan pabbi hans var að funda í Engeyjarráði – kannski hefur hann meira að segja fengið að fara inn í leyniherbergið sem þar hlýtur að vera. Hanna Birna var hins vegar með lykilið að leyniherberginu á kippunni sinni. Hún var árum saman aðstoðarfrankvæmdastjóri flokksins, náinn samverkamaður Kjartans Gunnarssonar og tengist þannig óeitanlega valdahópnum sem breytti íslensku samfélagi í tilraunastöð fyrir ofsá-frjálshyggju með afleiðingum sem haldin eru námskeið um í útlöndum. Þar með

er ekki sagt að hrúnið sé henni að kenna – eða Kjartani einum ef út í það er farið – og sennilega hefur hann getað kennt henni eitt og annað um launhelgar valdsins sem gæti komið sér vel – og umfram allt skulum við ekki dæma hana af einhverjum körlum sem hún starfði með fyrir mörgum árum.

En hafi Hanna Birna sinn Kjartan að draga þá þarf Bjarni að dragast um með sinn vafning um hálsinn. Það er að vísu hlálegt að einn atkvæðamesti stuðningsmaður Hönnu Birnu, Þór Sigfússon, skuli vera maðurinn sem svo átti að heita að stýrði Sjóvá á meðan bótasjóðurinn þar var veðsettur í einhverjum fíflalegasta gjörningi gróðærisins sem segir okkur að enn eru hrunmenn staffirugir innan flokksins og bíða þess í ofvæni að komast á ný að við landstjórnina.

Undarlegast finnst manni þó að fylgjast með þessu unga og velmentaða og frambærilega fólki keppast við að tileinka sér helstu meinlokur Davíðs Oddssonar, sem enn virðist sterki maðurinn innan Sjálfstæðisflokksins. Þau eru daviðistar. Bjarni hefur smám saman hrakist út á þann væng flokksins en Hanna Birna lítur væntanlega svo á að öðruvísi verði slagurinn ekki unninn. Þau vilja bæði hætta aðildarviðræðum að Evrópusambandinu áður en niðurstaða fæst í þær sem þjóðin geti kosið um. Þau vilja að Evrópusambandi sé „ekki á dagskrá“ svo að rifjuð sé upp gömu dagsskipun. Það er auðvitað skiljanlegt sjónarmið hjá öfgamönnunum til hægri sem telja Evrópusambandið vera kommúnistasamsæri og vinstri sem líta á það sem auðvaldssamsæri. Þessir þvergirðingar líta á Evrópuþjóðir sem Óvininn og vilja alls ekki hætta á það að góðir samningar náist við ESB, en fyrir forystufólk sem hlýtur að vilja taka þjóðarhagsmuni þó ekki væri nema með í reikninginn er þessi afstaða eiginlega alveg óskiljanleg. Ekki síst í ljósi þess að stór hluti landsmanna vill að viðræðurnar verði kláraðar og stór hluti Sjálfstæðismanna þar með talinn. Þar með er jarðvegurinn undirbúinn undir nýtt framboð Evrópusinna á hægri vængnum. Það verður gaman að fylgjast með því – hjáviðkvæmilega.

## HALLÓ JÓLASVEINAR, KÓRAR & SKEMMTIKRAFTAR

Við lýsum eftir jólasveinum, kórum og skemmtikröftum vegna Jólábæjarinnar 2011. Sendið okkur línu á [midborgin@midborgin](mailto:midborgin@midborgin) fyrir 15. nóvember.



Midborgin okkar Grófinni I IOI Reykjavík sími 7 700 700

## JÓLABÆRINN Á INGÓLFSTORGI 2011

VERÐUR OPINN FRÁ 8. - 24. DESEMBER

Fallega skreytt bjálkahús standa til boða úrvals handverksfólki og öðrum sem bjóða fyrsta flokks vöru og jólatengdan varning. Hagstæð leigukjör. Lifandi jóldagskrá allt um kring. Sendið okkur línu á [midborgin@midborgin](mailto:midborgin@midborgin) fyrir 15. nóvember.



Midborgin okkar Grófinni I IOI Reykjavík sími 7 700 700

## Betri bæi

Skipulagsmál

**Logi Már Einarsson**  
formaður  
Arkitektafélags  
Íslands



Óbyggðir landsins eru okkur dýrmætar og mikilvægt að huga vel að því hvernig um þær er gengið. Þetta hefur mönnum orðið æ ljósara og hefur megináhersla umhverfisverndar á Íslandi snúist um viðernið. Það er þó ekki síst við skipulagningu þéttbýlis sem ná má árangri í umhverfisvernd. Skynsamleg þróun bæja getur skipt sköpum.

Ýmislegt hefur farið úrskeiðis í uppbyggingu þéttbýlis síðustu áratugi. Við höfum að miklu leyti byggt upp samkvæmt hugmyndafræði hinnar bandarísku bílaborgar, þar sem lykilhugtökin eru flokkun og aðgreining. Borg og bæir eru gisin, innviðir dýrir, almenningsgöngur lélegar og almenningsrými oft illa skilgreind. Þá höfum við byggt okkur stærra íbúðarhúsnæði en skynsamlegt má teljast. Markmiðið hlýtur að vera að snúa af þessari braut.

Stjórnvöld hafa ekki horft á hlutina í nógu stóru samhengi

og þann ávinning sem í því felst. Arkitektar bera þó auðvitað líka sína ábyrgð á þessari þróun. Sum okkar hafa ýmist villst af leið eða verið of leiðitöm í ofsapenslu síðustu ára. Önnur hafa hins vegar hvergi hvíkað frá gildum sínum og víða má sjá byggingar og skipulagssvæði sem bera metnaði og fagmennsku mjög gott vitni.

Byggingarlist lýsir vel menningarstigi og viðhorfi þjóðfélaga á hverjum tíma. Því eigum við að leggja áherslu á að góður arkitektúr einkenni þéttbýli. Góð byggingarlist auðgar umhverfið og hvetur til varðveislu arfleifðar okkar. Hún er aðlaðandi og fúnksjónell. Góður arkitektúr einkennist af og tekur tillit til menningar okkar og sérkenna.

Í framtíðinni þurfa orku- og umhverfisvænar lausnir einnig að einkenna góða byggingarlist.

Góð byggingarlist og skipulag auka lífsgæði, stuðla að verðmætasköpun og eru því hagkvæm.

Í þeirri viðleitni að snúa til betri vegar óskar Arkitektafélag Íslands, sem nú fagnar 75 ára afmæli, eftir aukinni og markvissri samvinnu við ríki, sveitarfélög og almennig um mótun skýrrar sýnar til langrar framtíðar.

**1991**  
**Jón Baldvin og Davíð mynda ríkisstjórn**  
Hvað gerist 10.11.?

tímamot@frettabladid.is



**ALBERT CAMUS** (1913-1960) heimspekingur og rithöfundur fæddist þennan dag. „Allir byltingarmenn breytast með tímanum annaðhvort í harðstjóra eða guðlastara.“



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Friðgerður Sigurðardóttir**  
Kirkjulundi 6, Garðabæ,

sem lést á líknardeild Landakotsspítala 27. október, verður jarðsöngin frá Garðakirkju þriðjudaginn 8. nóvember kl. 13.00.

Páll Kristmundsson Sigurbjörg Þorsteinsdóttir  
Guðrún Kristmundsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Kjaran**

lést föstudaginn 4. nóvember 2011. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 10. nóvember kl. 15.00.

Soffía Sigurjónsdóttir Stefán J. Helgason  
Sigurður Sigurjónsson Hanna Hjördís Jónsdóttir  
Magnús K. Sigurjónsson Þórunn Benjamínsdóttir  
Björg Björn Sigurjónsson Ingileif Jónsdóttir  
Jóhann Sigurjónsson Helga Bragadóttir  
Árni Sigurjónsson Ásta Bjarnadóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Brynja Kristín Lárusdóttir**  
Maríubaugi 63,

sem lést á Landspítalanum Fossvogi þann 26. október s.l., verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 7. nóvember kl. 13.00. Jarðsett verður í Garðakirkjugarði.

Júlíus Einarsson  
Lárus Viðar Sveinbjörnsson  
Einar Atli Júlíusson Benedikta Eik  
Kristín Alda Júlíusdóttir  
Júlíus Ármann Júlíusson Ingibjörg Rannveig Kristjánsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn



Elskuleg systir mín, mágkona og frænka,

**Jóhanna Guðrún Sigurgeirsdóttir**  
Kóngsbakka 9, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans v/Hringbraut 1. nóvember. Útförin fer fram frá Filadelfíukirkjunni miðvikudaginn 9. nóvember kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim er vilja minnst hennar er bent á hjálparstarf ABC.

Garðar Sigurgeirsson Anne Marie Antonsen  
Guðmundur Marz Garðarsson Bæringur Guðvarðarson  
Berit Nanna G. Nygård Anna Þorsteinsdóttir  
Ólöf Bæringsdóttir Sigbjörn Nygård  
Áslaug Bæringsdóttir  
Guðný Bæringsdóttir  
og frænkubörn.

**PETTA GERÐIST: 7. NÓVEMBER 1956**

## Gert að kalla hersveitir heim

Sameinuðu þjóðirnar samþykktu 7. nóvember 1956 að krefjast þess að Bretar, Frakkar og Ísraelsmenn kölluðu hersveitir sínar í Egyptalandi heim án tafar. Bandaríkin studdu SP í þessari kröfu og heimflutningar hersveitanna við Suez-skurðinn hófust viku síðar.

Forsaga málsins var sú að í júlí 1956 hafði Nasser Egyptalandsforseti tilkynnt í ræðu að dagar vestrænna ítaka í arabalöndum væru taldir og Suez-skurðurinn væri hér með þjóðnýttur. Þetta var þvert á þá samninga sem

höfðu verið gerðir um skurðinn á árinu 1954 og Bretar, Frakkar og Ísraelsmenn brugðust hart við.

Ísraelskar hersveitir komu til Egyptalands 29. október og hersveitir Breta og Frakka fylgdu á eftir. Harðir bardagar fylgdu í kjölfarið og sáu Sameinuðu þjóðirnar sér ekki annað fært en að skerast í leikinn til að koma í veg fyrir frekara blóðbað. Um miðnætti 22. desember 1956 fóru síðustu hersveitir ársaraðilanna frá Egyptalandi.



**ÍT-FERÐIR 15 ÁRA: EIGANDINN FAGNAR 25 ÁRUM Í FERÐABRANSANUM**

# Fékk ferðapjónustubakteríu strax í upphafi starfsferilsins

Við bjóðum upp á allar tegundir ferða nema sólarlandaferðir og skíðaferðir,“ segir Hörður Hilmarsson, eigandi og framkvæmdastjóri ÍT-ferða sem fagna fimmtán ára afmæli í ár. En fyrir hvað stendur ÍT? „Þegar fyrirtækið var stofnað fyrir fimmtán árum stóð þetta fyrir íþrótt- og tónlistarferðir,“ segir Hörður. „Ég hafði unnið við það í tíu ár að skipuleggja ferðir fyrir hópa, mestan part íþróttahópa og tónlistarhópa eins og lúðrasveitir og kóra, fyrst hjá Samvinnuferðum-Landsýn í fjögur ár og svo hjá Úrvali-Útsýn í sex ár, þannig að ég var bara að halda áfram með það sem ég hafði verið að gera. Í áranum rás hefur þetta svo þróast meira yfir í íþrótt- og tónlistarferðir þannig að í dag stendur skammtstöfunin fyrir það, þótt ýmislegt annað sé í boði hjá okkur.“

Dróunin hefur meðal annars verið í þá átt að auka framboð á sögu-, menningar- og gönguferðum, að sögn Harðar. „Við erum að vinna með ákveðnum aðilum í því og finnst mjög gaman að takast á við það verkefni. Meðal þess sem við bjóðum upp á eru þrjár ferðir á þremur árum á sögslóðir Guðríðar Símonardóttur í samvinnu við Steinunni Jóhannesdóttur rithöfund, sem skrifaði hina mögnuðu bók Reisubók Guðríðar, og verður fyrsta ferðin farin á næsta ári. Í haust fórum við líka í gönguferð um Jakobsveginn í fylgd Jóns Björnssonar rithöfundar og það tókst svo vel að við erum búin að setja slíka ferð aftur á dagskrá næsta haust. Auk þessara ferða er boðið upp á ferðir til Nepal, Perú og Grand Canyon, svo eitthvað sé nefnt, auk æfingaferða fyrir knattspyrnu-, handbolta- og körfuboltafélk og fleira og fleira.“

Hörður hefur verið í 25 ár í ferðabransanum, hvað var það sem upphaflega heillaði? „Þetta var nú eiginlega bara tilviljun. Við vorum tveir kennarar, ég og félagi minn Þórir Jónsson heitinn, sem vorum báðir að vinna fyrir FH, hann sem framkvæmdastjóri og ég sem hjálpari, og okkur vantaði æfingaferð fyrir meistara-flokk FH. Við komumst að því að það var engin ferðaskrifstofa eða flugfélag sem gat komið til móts við okkar þarfir. Það gátu allir selt flugfar og ýmsir útvegað hótélherbergi en það var enginn sem gat útvegað æfingaferðir.“



**GEFANDI STARF** Hörður Hilmarsson, eigandi ÍT-ferða á 25 ára starfsafmæli í ár. Hann hefur aldrei séð eftir starfsvalinu og segir fá störf jafn ánægjuleg. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

og æfingaleiki og það sem þarf til að gera góða íþróttiferð, þannig að við urðum að gera það sjálfir.“ Þetta var um páskana 1986 og um haustið höfðu þeir félagar sett saman hugmynda-pakka um íþrótt- og hópaferðir sem þeir kynntu hjá Samvinnuferðum-Landsýn. Þeir voru samstundis ráðnir sem verktakar hjá ferðaskrifstofunni og Hörður hefur verið í bransanum síðan. Hefur hann aldrei séð eftir því að hafa valið þetta starfsvið? „Nei, strax og ég byrjaði í þessu

fannst mér ég vera kominn á rétta hillu. Þetta er virkilega skemmtilegt og mjög gefandi. Það er fátt sem ég hef gert, nema kannski kennslan, sem gefur manni eins mikið í ánægju talið, þótt þetta gefi ekki mikið í aðra hönd. Maður fær tækifæri til að ferðast og umgangast skemmtilegt fólk og það er mjög algengt að fólk sem byrjar í þessu fái svokallaða ferðapjónustubakteríu og geti ekki hugsað sér að gera neitt annað og ég er einn af þeim.“

fridrikab@frettabladid.is

## Dampskipið Ísland á Ísafirði

Litli leikklúbburinn á Ísafirði, frumsýndi á dögnum leikritið Dampskipið Ísland eftir Kjartan Ragnarsson í leikstjórn Halldóru Björnsdóttur. Fram koma ellefu leikarar og auk þess vinnur fjöldi fólks bak við tjöldin við hin ýmsu störf.

Tónlistin leikur stórt hlutverk við að skapa réttu stemninguna, en Charleston-tímabilið var í blóma á sögutíma verksins. Þetta er 82. uppfærsla leikklúbbsins og 46. leikár. Næstu sýningar verða 10., 12. og 13. nóvember.

Ýmislegt fleira er í bígerð hjá Litla leikklúbbum á komandi leikári. Hópurinn stefnir á að halda í leikferð með Dampskipið Ísland og eru ýmsar samningaviðræður nú í gangi varðandi ferðina. Þá verður Bandalag íslenskra leikfélaga með vorþing á Ísafirði.



**LÍFIÐ UM BORD** Atriði úr uppfærslu Litla leikklúbbsins á Ísafirði á Dampskipinu Íslandi.

**Merkitatburðir**

- 1550** Jón Arason, biskup á Hólum, og synir hans eru teknir af lífi.
- 1917** Októberbyltingin í Rússlandi (samkvæmt gregoríska tímatalinu).
- 1987** Ólafur Ragnar Grímsson verður formaður Alþýðubandalagsins og tekur við af Svavari Gestssyni.
- 2007** Ungur námsmaður gerir skotárás í skóla í Jokela í Finnlandi. Hann skýtur átta manns, særir tólf og fremur síðan sjálfsmorð.



**Kögur á sófum** var áberandi í kringum 1960-1970 og margir muna eftir slíkum sófum heima hjá ömmu og afa. Kögur eru farin að sjást aftur, þá gjarnan úr þykku flueli.

# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512 5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457

## Myndlistavörur í miklu úrvali



LISTALAGERIÐ  
JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútvogur 1h.  
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík  
S: 58 58 900 - www.jarngler.is

Handverk frá sjötta og sjöunda áratugnum gengur í endurnýjun lífdaga í lampanum Demo.

## Endurvekja gamla tækni

**H**ér áður fyrr voru gerð loftljós í þessum dúr og við sækjum í minni þeirra. Þau ljós voru einstaklingssmíði nokkurra smíða en hönnunin var aldrei fullklár- uð. Við höfum endurhannað ljósið og endurbætt,“ segir Magnús Ólafsson húsgagnasmíðameistari en hann og Dagný Elsa Einarsdóttir, nemandi í húsgagnasmíði, hafa sent frá sér loftljósið DEMO og endurvakið handverk sem fáir sinna í dag. „Við erum bæði á pari við þá verkstæðismenn- ingu sem var á sjötta og sjöunda áratugnum þegar lítil verkstæði voru um öll Þingholtin. Mikil af þessu handverki er að glatast og smíðirnir að týna tölunni,“ útskýrir Dagný en ljósið er handgert frá grunni og sjá Magnús og Dagný um alla þætti smíð- innar auk þess að handlita efnið sjálf.

FRAMHALD | 2



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**SCHELL**

Snertifrí  
handlaugartæki  
frá SCHELL

Þýsk gæðavara



Verð frá  
**52.522**

**IOI**  
ÍSLEIFUR  
JÓNSSON

Dragháls 14 - 16 Sími 4 12 12 00  
110 Reykjavík Fax 4 12 12 01 www.isleifur.is



# TILBOÐSDAGAR

Gerið gæða- og verðsamanburð

12 mánaða  
vaxtalausar  
greiðslur




10.000 kr. vörukaup  
fylgja öllum  
heilsurúmum.  
(Gildir ekki með öðrum tilboðum)

**20%**  
AFSLÁTTUR

Lök, hlífðardýnur, sængurver  
og valdar vörur.

VALHÖLL, dýnur, á tilboði,  
80 og 90 cm með botni og fótum,  
áður á 69.900, nú aðeins **59.900.**

ÚRVAL STILLANLEGRA  
HEILSURÚMA



PROFLEX

2x90x200

Nú aðeins **399.900** með okkar bestu  
IQ-CARE heilsudýnum

Sjá nánar verð og  
ný tilboð á [www.svefn.is](http://www.svefn.is)

**Svefn & heilsa**  
★★★★★

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



**HOLLUR BITAFISKUR**  
**+80% prótín**  
 Fiskneysla er góð fyrir heilabúið

**GULLFISKUR**

Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurflugvelli

Yndislegar dúnsængur og koddar úr 100% hvítum gæsadún

**Fatabúðin**  
 Skólavörðustíg 21a  
 Njálsgötumegin • S. 551 4050

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFID UMRÆÐAN

**VÍSIR**  
 Meiri Vísir.

## Stólar klæddir gervigrasi

Íslenskir arkitektar í Bandaríkjunum hafa hannað stóla sem vakið hefur athygli vegna frumlegra efnistaka. Umhverfisvæn sjónarmið eru höfð að leiðarljósi þar sem gervigras er endurnýtt í sessur.

Barstólalína frá arkitektunum Erlu Dögg Ingjaldsdóttur og Tryggva Þorsteinssyni, hjá hönnunarstofunni Minarc í Santa Monica, hefur vakið athygli vestanhafs vegna frumlegra efnistaka, sem meðal annars er fjallað um í The New York Times. Línan gengur undir heitinu GrasSit og á sjálfsagt eftir að hitta í mark hjá hörðum fótboltaáðdáendum þar sem gervigras er endurnýtt í iðagrænar sessur.

„Við höfum í gegnum tíðina verið að endurnýta efni og kannski á annan veg en upphaflega var til ætlast, til að sýna að stundum er hægt að finna hlutum sem eru taldir hafa takmarkað notagildi nýtt hlutverk,“ segir Erla og bendir á að sú leið sé farin með stólalínunni.

„Gervigrasið vakti athygli okkar þar sem teppin eru búin til og lögð í heilu lagi á fótboltavelli. Ekkert má klicka í framleiðslunni því ef einn þráður slitnar þá er öllu hent og byrjað upp á nýtt. Teppin eru líka þannig gerð að þeim verður að skipta út í heilu lagi um leið og slit myndast, þó það sé bara bundið ákveðnu svæði og það gerist á aðeins nokkurra ára fresti. Á heildina litið er þetta gríðarlegt magn gerviefna sem fer árlega beint á ruslahaugana. Með GrasSit öðlast notað nýtt hlutverk og þótt þetta sé lítið skref þá er verið að stemma stígu við ágangi á gæði jarðar.“



GrasSit er heiti nýrrar barstólalínu frá hönnunarstofunni Minarc. Erla Dögg Ingjaldsdóttir hjá Minarc segir ótrúlega þægilegt að sitja á þessum iðagrænum sessum.



Tryggvi Þorsteinsson og Erla Dögg Ingjaldsdóttir hjá Minarc.

Vegna umræðu sem hefur komið upp hérlandis um sýkingar í gervigrasi af völdum hráka, blóðs og svita er ekki úr vegi að grípa tækifærið og spyrja hvort slík hætta geti nokkuð stafað af notkun stólanna. Erla segir það af og frá. „Aldeilis ekki. Við hreinsum og háþrýstivoum teppin rækilega áður en við byrjum að vinna með þau!“

Stólana verður hægt að panta á vefsíðunni [minarc.com](http://minarc.com). Minarc er líka á Facebook. [roald@frettabladid.is](mailto:roald@frettabladid.is)

**UMBOÐSSALAN KORPUTORGI**

Sýnishorn af vörum

Borðstofuhúsgögn Barnavagnar

Svefnherbúsgögn Ný og notuð sófasett

**KORPUTORG**

Umboðssalan

Símar: 867 0157 og 867 0177  
 Opíð alla virka daga frá 12-18:30  
 Laugardaga frá 12-17

[www.umbodssalan.is](http://www.umbodssalan.is)

**Flottar peysur**

Verð 6.900 kr.  
 50% bómull - 50% akrý  
 str. 38 - 48  
 Litur: svart, blátt, rautt, grátt.  
 Sendum í póströfu.

Kíkið á heimasíðuna okkar [www.rita.is](http://www.rita.is)

**Ríta**

Bæjarlind 6 S. 554 7030  
 Eddufelli 2 S. 557 1730

Framhald af forsiðu

Loftljósið er úr spónblöðum, formbeygðum í hring með sérstakri aðferð. Hringirnir falla ofan í sérsmiðaða grind úr furu sem er styrkt með messing. „Skuggavarpíð verður mjög skemmtilegt frá ljósinu sem lýsir upp og niður stafar mildri birtu,“ segir Dagný. „Við notum einnig tauklæddar snúrur í allavega litum og sjáum fyrir okkur að setja saman liti eftir óskum.“

Magnús segir vinnuferlið hafa tekið langan tíma og útfærslan hafi farið gegnum margar síur áður en lokaútgáfan leit dagsins ljós. Þá eru fleiri útgáfur af DEMO á teikni-borðinu.

En á gömul tækni og handgerð framleiðsla erindi við nútímann? „Já ég held að hún verði að vera innan um og saman við,“ segir Dagný. „Í mínu námi talar unga fólk um að stofna lítill verkstæði og vinna sjálfst að sínum hlutum og bjóða fólki jafnvel að fylgjast með. Rómantíkin í þessu er að koma aftur og fólk er farið að sýna handunnum vörum áhuga.“

[heida@frettabladid.is](mailto:heida@frettabladid.is)

## Gólfdukur skynsamleg, smekkleig og hagkvæm lausn



**Eldhúsið**  
 hjarta heimilisins



**Svefnherbergið**  
 þægilegt andrúmsloft



**Forstofan**  
 einfaldara verður það ekki



**Stofan**  
 alltaf jafn heimilislegt



**Badherbergið**  
 hlýtt og mjúkt undir fæti



**Heimilisdukur, sígild lausn:**  
 -léttur í þrifum -auðveldur í lögn -glæsilegt úrval  
 -fæst í 2, 3 og 4 m rúllum.

Sérverslun með  
 gólfdukur og teppi



SÍÐUMULA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510





**Bogi Molby** Pétursson  
Lögg. fasteignasali

**Finnþógi Hilmarsson**  
Lögg. fasteignasali

**Andri Sigurðsson**  
Sölufultrúi og lögg. leigumiðlari.

**Trygvi Kornellusson**  
Sölufultrúi

**Ásdís Irena Sigurðardóttir**  
Skjalagerð

**Sími 530 6500**

**ÞINN hagur er okkar metnaður.**

heimili@heimili.is

Á Heimili fasteignasölu starfa öflugir fasteignasalar með áratuga reynslu í faginu sem eru tilbúinir að vinna fyrir þig með vönduð vinnubrögð að leiðarljósi.

Okkar verkefni eru:

- Sala og kaup íbúðarhúsnæðis
- Sala og kaup atvinnuhúsnæðis
- Sala og kaup sumarhúsa
- Leigusamningsgerð
- Verðmöt
- Raðgjöf á fasteignamarkaði



**heimili**  
FASTEIGNASALA

**Auður Kristinsdóttir**  
Sölufultrúi RE/MAX  
audur@remax.is

**Vegna mikillar sölu vantar allar gerðir eigna á skrá**

**Ástþór Reynir Guðmundsson**  
Lögg. Fasteignasali

Verðmetum eign þína þér að kostnaðarlausu

**Sími 824 7772**

**S: 414-4700 RE/MAX Senter**

## Nýttískuleg fjölbýlishús við sjávarsíðuna

Stakfell fasteignasala er með til sölu Norðurbakka 17 og 19 í Hafnarfirði.

**A**rkitektastofan Batteríð á heiðurinn að hönnun Norðurbakka 17 og 19 í Hafnarfirði, sem fasteignasalan Stakfell er með til sölu. Húsin standa við sjávarsíðuna á móti suðri og í göngufæri við alla þjónustu í Hafnarfirði. Nýttískuleg hönnun einkennir húsin sem eru einangruð að utan, klædd með álklæðningu og að hluta með harðviði. Gluggar eru álklæddir timburgluggar. Húsin eru á fjórum og fimm hæðum með sameiginlegum bílakjallara. Alls eru fjögur stíga-hús með tveimur eða þremur íbúðum á hverri hæð. Bílastæði eru í kjallara og innangengt er úr bílageymslu í stigaganga.

Allar upplýsingar fást gefnar á skrifstofu Stakfells, Skúlatúni 2. Síminn er 535-1000.



Húsin standa við sjávarsíðuna á móti suðri. Þau eru í göngufæri við alla helstu þjónustu.

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFID UMRÆÐAN

**MEIRI FRÓÐLEIKUR**

Meiri Vísir.

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

**Einar Páll Kjærsted**  
Lögg. fasteignasali.  
einar@fastmos.is

KJARNNA - PVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081  
WWW.FASTMOS.IS

**Hrísateigur - 105 Reykjavík**

Fallegt 187,4 m<sup>2</sup> einbýlishús á þremur hæðum með bílskúr við Hrísateig í Reykjavík. Húsið stendur miðsvæðis í rólegu hverfi en órútt frá Laugardalnum með öllum sínum möguleikum til útivistar, líkamsræktar og afþreyingar. Verlanir, bændamarkaður og fiskbúð eru í stuttu göngufæri. **Góðir grunnskólar og rómaðir leikskólar eru einnig í hverfinu.** V. 57,9 m. 10120

**Viðjugerði 8 - 108 Reykjavík**

Mjög fallegt 290 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum, með innbyggðum bílskúr. Neðrihæð: forstofa, hol, tvö rúmgóð svefnherbergi (þrjú á teikningu), salerni, þvottahús og geymsla. 20 m<sup>2</sup> fullbúinn bílskúr. Efri hæð: 3 herbergi, hjónaherbergi með baðherbergi, baðherbergi, eldhús, stofa og borðstofa. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Fallegur garður í suðvestur með timburverönd með heitum potti. **Eignin er laus til afhendingar strax.** V. 69,9 m. 5269

**Næfurás - 110 Reykjavík**

Falleg 100,6 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja íbúð á efstu hæð í þrjúgjafli fjölbýli ásamt 24,2 m<sup>2</sup> bílskúr. Rúmgóð og björt 3ja herbergja íbúð á efstu hæð með miklu útsýni til austurs yfir Rauðavatn og til Bláfjalla. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, stofu, eldhús, hjónaherbergi, barnaherbergi, baðherbergi m/kari og sturtu og sér þvottahús. V. 24,9 m. 10133



**Mosabrúin 6 - 801 Selfoss**  
Fallegt fullbúð 97,2 m<sup>2</sup> sumarhús við Mosabrúin 6 í landi Úthliðar í Bláskógabyggð. Húsið sem er afar vel innréttað er með góðri verönd. **Eignin er laus til afhendingar strax og eru lykjar á Fasteignasölu Mosfellsbæjar.** V. 19,5 m. 10124



**Hrannarstigur - 101 Reykjavík**  
87,9 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja kjallaraíbúð með sérinngangi. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, 3 svefnh. stofu, baðh. og þvottahús. **Eignin er laus til afhendingar strax.** V. 19,8 m. 10131



**Kaplaskjólsvegur - 107 Reykjavík**  
Falleg 61,2 m<sup>2</sup>, 2ja. herbergja íbúð á 1. hæð. Íbúðin skiptist í forstofuhol, svefnh., baðh., eldhús, stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir 3,0 m<sup>2</sup> sérgeymsla í kjallara. **Eignin er laus til afhendingar strax.** V. 18,5 m. 10117



**Skerjabraut 9 - 170 Seltjarnanesi**  
Mjög falleg og mikið endurgerð 2-3ja herbergja, 50,3 m<sup>2</sup> risibúð. Góð staðsetning og fallegt útsýni. Áhvilandi eru ca. 9,9 milljónir í láni frá Íbúðalánasjóði með 4,9% vöxtum. **Eignin er laus til afhendingar strax.** V. 16,9 m. 10057

**Reykjaföt - 270 Mosfellsdalur**

184,1 m<sup>2</sup> einbýlishús á eignarlóð við Reykjaföt í Mosfellsdalnum. Einbýlishúsið skiptist í þrjú svefnherbergi og hjónaherbergi með sér baðherbergi, góða stofu, eldhús með borðstofu, baðherbergi m/baðkari, þvottahúsi og stórum forstofu. V. 42,5 m.

**Kvíslartunga 86 - 270 Mosfellsbær**

Fallegt 242,6 m<sup>2</sup> parhús á 2hæðum við Kvíslartungu. Á jarðhæð er forstofa, eldhús, borðstofa, stofa, gestasalerni og bílskúr. Á annari hæðinni eru 3 barnaherb., gott hjónaherb., þvottahús og stórt baðherb. með sturtuklefa. Húsið stendur innst í botnlanga með útsýni til austurs, suðurs og vesturs. **Eignin er laus til afhendingar strax.** V. 39,7 m. 10137

**Grenibýggð 24 - 270 Mosfellsbær**

Mjög fallegt 171 m<sup>2</sup> parhús á einni hæð með bílskúr við Grenibýggð í Mosfellsbæ. 3 svefnherbergi og rúmgóðar stofur. Fallegar innréttingar. Mjög falleg aðkoma er að húsinu, bílplan er hellulagt og stór timburverönd er við húsið. V. 39,5 m. 10140

**Hlíðartún - 270 Mosfellsbær**

104,1 m<sup>2</sup> neðri sérhæð ásamt 27,8 m<sup>2</sup> bílskúr og 4,1 m<sup>2</sup> geymslu við Hlíðartún í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. V. 28,9 m. 10105



# Stakfell

Grunnur að góðu lífi

535\_1000

Aðalheiður Karlsdóttir  
lögg. fasteignasali

Þorlákur Ómar Einarsson  
sölustjóri

stakfell.is

Fax 535 1009

Fasteignasala . Íbúðarhúsnæði . Skúlatún 2 . 105 Rvk



### Blikanes - 210 Garðabæ

337,4 fm einbýli auk 49 fm tvöf. bílskúr, samtals 386,4 fm. Stór 1.620 fm. eignarlóð, frábært útsýni. Stórar stofur, sér hjónasvíta. Séríbúð á jarðhæð. Eitt best varðveitta leyndarmálið á Arnarnesinu í dag. Upplýsingar á skrifstofu.



### Brautarland

191,3 fm. vel skipulagt og fallegt raðhús á einni hæð með 29,8 fm. bílskúr, á besta stað í Fossvoginum. 4-5 svefnherbergi, yfirbyggð suðurverönd. Fallegur gróinn garður. Einstök eign á frábærum veðursælum stað. Áhv. hagstætt lán.

Vantar 3ja herb íbúð  
í lyftuhúsi í 101-108

Vantar 3ja-4ra herb.  
íbúð í salahverfi Kóp.

Vantar 150-200 fm sérbylí,  
par, raðhús eða hæð í 101

Erum með 4ra herb íbúð í  
Sjálalandshverfi í skiptum fyrir  
einbýli í Garðabæ



### Örvasalir - 201 Kóp.

368,4 fm. glæsilegt einbýlishús sem skiptist í kjallar, hæð og efri hæð með pöllum á milli hæða. Húsið afhendist fókelt með grófjafnaðri lóð.



### Vindás.

Snyrtilega 3ja herb. 85,6 fm íbúð á 2. hæð. Sérstæði fylgir í lokuðu bílskúli. Sameiginlegt þvottahús er á hæðinni. Verð 18,5 millj.



### Engjasel - 109 Rvk.

155,4 fm 5 herb. íbúð á tveimur hæðum, stæði í bílageymslu. Tívalin eign fyrir laghenta. Eignin laus strax. Verð 23,9 millj.



### Hæðargarður - 108 Rvk

65 fm. 2ja herb. íbúð á jarðhæð í góðu lyftuhúsi fyrir 60 ára og eldri. Í húsinu er mjög góð sameign, mötuneyti, húsvörður og mikil þjónusta. Verð 25 millj.



### Mánatún - 105 Rvk

Glæsileg 3ja herbergja íbúð með stæði í bílskúli miðsvæðis í Reykjavík. Eignin er laus til afhendingar í desember. Aðeins 3 íbúðir eftir í húsinu.



### Ljósheimar - 104 Rvk

101,8 fm 4ra herb. íbúð á 1. hæð með séringgang af svölum. Verð 23,9 millj



### Laugarásvegur - 104 Rvk.

Eitt glæsilegasta einbýlishús landsins, 422 fm, á frábærum stað miðsvæðis í borginni. Húsið er á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Fallegt útsýni yfir Laugardalinn.



### Möðrufell - 109 Rvk

78,1 fm 3ja herb. íbúð á 4. hæð. Íbúð öll parketlögð nema nýstandsett það sme er flísalagt. Verð 15,6 millj.



### Sundlaugavegur - 104 Rvk

2 íbúðir. Rúmgóða 109 fm. 4ra-5 herb neðri hæð auk 24,5 fm. bílskúr og 84,5 fm. 3ja herb. íbúð í kjallara með séringng. Góð eign fyrir stórfjölsk. eða nýta kj. til útleigu.



### Tröllateigur - 270 Mos.

Góð 122,4 fm 3ja herb. íbúð á 3. hæð. Lyftuhús, stæði í bílageymslu. Laus strax. Verð 26,9 millj.



### Fálkagata - 107 Rvk

111,6 fm 3ja herb. íbúð sem skiptist í hol, stofu, eldhús, 2 svefn., bað, þvottah. og geymslu. Stutt í Háskólann. Verð 27,4 millj



### Rjúpufell 25

99,3 fermetra 4ja herbergja íbúð við Rjúpufell. Snyrtileg eign. Verð 17,9 millj.



### Hverafold - 112 Rvk.

204,3 fm einbýli, þar af 27 fm. bílskúr með gryfu. Auk þess 12 fm. sólstofa. Vel skipulagt hús með stórru suðurverönd og grónum garði. Vandaðar innr. og falleg gólfefni.



### Njörvasund 104-Rvk.

3ja herb kjallara íbúð við Njörvasund í Reykjavík. Íbúðin skiptist í hol, tvö svefnherbergi, baðherbergi, stofu og geymslu. Laus strax. Verð 17,9 millj.



### Rauðagerði - 108 Rvk

344,7 fm. tvílyft auk 38,7 fm. bílskúrs miðsvæðis í Rvk. Tvær góðar íbúðir eru í húsinu í dag, en auðvelt er að breyta húsinu aftur. Verð kr. 86 millj.



### Kvíslartunga - 270 Mos

Fallegt 242,6 fm parhús á tveimur hæðum, þar af 24 fm bílskúr. Laus strax, þarfnast lagfæringa. Verð 39,7 millj



### Seilugrandi - 107 Reykjavík

207,3 fm einbýlishús með 23,4 fm innb. bílskúr. 3. stór svefnh., hægt að bæta við 1-2. til viðbótar. Stór verönd og gróinn garður. Verð 67,9 m.



### Hrísateigur - 105 Rvk

167 fermetra efri sérhæð ásamt bílskúr á frábærum stað. Eign með mikla möguleika. Stór endalóð með trjágróðri.



### Huldubraut - 200 Kóp

